



BA ritgerð

Þjóðfræði

Steinsnar

Landmótun trölla í sögnum

Júlíus Ó. Einarsson

**Leiðbeinandi Terry Adrian Gunnell
September 2018**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Steinsnar
Landmótun trölla í sögnum

Júlíus Ó. Einarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Terry Adrian Gunnell

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

September, 2018

Steinsnar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í þjóðfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Júlíus Ó. Einarsson, 2018

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Með þessari ritgerð eru tekin til rannsóknar þau áhrif sem tröll hafa á mótun landsins, samkvæmt sögnum. Gerð er grein fyrir því hvað „tröll“ er og hvernig ummerki um þessa dularfullu vætti standa allt frá í forneskju og eru jafnvel enn sýnileg núlifandi mönnum í formi steina og kletta. Samkvæmt sögnunum hafa tröllin skilið eftir sig sýnileg ummerki með tvennum hætti; þau hafa ýmist steinrunnið sjálf eða viðhaft jarðrask, svo sem með því að kasta steinum og björgum, oft um langan veg.

Íslenskar sagnir eru skoðaðar í þessu tilliti og þær eru bornar saman við norrænar og breskar sagnir af svipuðum meiði. Þannig er kannaður skyldleiki milli menningarheima í viðkomandi löndum og að auki velt vöngum yfir því hver kunni að vera ástæða þess að sögur hafa verið sagðar af landmótandi tröllum. Í þessu skyni er jafnframt stuðst við greinar og rit fræðimanna um efnið.

Formáli

Sá námsferill, sem lýkur hér með ritun BA-ritgerðar, hófst með skráningu höfundar í grunnnám í fornleifafræði fyrir allnokkrum árum. Atvik höguðu því þannig að fornleifafræðin varð aðeins aukagrein með þjóðfræði sem aðalgrein. Áhuginn lá einkum á sviði efnismenningar fyrst í stað en smám saman opnaðist mér hinn heillandi heimur annarra undirgreina þjóðfræðinnar, svo sem þjóðsagnafræði.

Námið hefur verið samfelld ævintýri, sem að miklu leyti má þakka frammistöðu áhugasamra og hæfra kennara. Af þeim góða hópi færi ég leiðbeinanda mínum við ritgerðarskrifin, prófessor Terry Adrian Gunnell, sérstakar þakkir.

Þakkir fær auðvitað líka eiginkona mín, E. Hrefna Sveinsdóttir, sem hefur ætíð verið afar hvetjandi og veitt margháttan stuðning - en líka hlustað á flesta fyrirlestra af áhuga og verið þannig óbeinn þátttakandi í náminu með mér.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Töfluskra.....	7
Myndaskra.....	7
1 Inngangur.....	8
2 Eðli sagna.....	12
2.1 Hvað er þjóðsaga?.....	12
2.2 Mismunandi frásagnarform í óbundnu máli (goðsögur, ævintýri og sagnir) ...	14
2.3 Eðli sagna.....	15
2.3.1 Flokkar sagna.....	16
2.3.2 Útskýringasagnir.....	17
3 Gagnaöflun og aðferðafræði.....	18
3.1 Almennt um heimildir.....	19
3.1.1 Munnleg geymd.....	19
3.1.2 Þjóðsagnasöfn.....	20
3.2 Efnisaðföng og heimildanotkun.....	20
3.2.1 Sagnagrunnur.....	21
3.2.2 Ísmús.....	21
3.2.3 Prentuð íslensk þjóðsagnasöfn.....	22
3.2.4 Erlend gagnasöfn og heimildir.....	22
4 Hvað er tröll?.....	23
4.1 Jötnar Eddukvæða og Snorra-Eddu.....	23
4.2 Elstu dæmi um tröll.....	25
4.3 Tröll þjóðsagnanna.....	25
5 Landmótun trölla í sögnum nágrannaþjóða.....	26
5.1 Norskar sagnir.....	27
5.2 Breskar sagnir.....	30
5.2.1 Skotland.....	30
5.2.2 Írland.....	32
5.3 Samanburður norrænna sagna og breskra.....	33
6 Landmótun trölla í íslenskum sögnum.....	34

6.1 Flokkun íslenskra tröllasagna	34
6.1.1 Flokkun Jóns Árnasonar	34
6.1.2 Flokkun eftir áhrifum og afdrifum trölla	35
6.2 Hver er dreifing sagnanna?	41
6.3 Hvað má álykta um aldur sagnanna?	42
7 Niðurstöður	45
7.1 Landmótun íslenskra trölla	45
7.2 Tengsl við sagnir nágrannaþjóða	46
7.3 Tilgangur eða skýring sagna um landmótun trölla	47
Heimildaskrá	49

Töfluskrá

Tafla 1: Sagnir í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar sem greina frá landmótun trölla.	35
---	----

Myndaskrá

Mynd 1: Sagnalíkan Honkos	14
Mynd 2: Skessugarður og Garðatúngarður	40
Mynd 3: Dreifing tröllasagna um Ísland samkvæmt hitakorti af vefsíðunni sagnagrunnur.is	41
Mynd 4: Dreifing íslenskra tröllasagna samkvæmt vefsíðunni sagnagrunnur.is.....	42

1 Inngangur

Neðarlega í gljúfri sem Hvítá í Árnassýslu rennur um og heitir Brúarhlöð, standa tveir voldugir móbergsdrangar. Með góðum vilja má sjá í þeim báðum mannsmynd ef að er gáð. Hjálmar R. Bárðarson, verkfræðingur og fyrrum siglingamálastjóri, lýsir klettunum þannig:

Við brúna eru gljúfrin mjög þröng, en ekki djúp. Nokkru neðar breikka þau töluvert á kafla, og auk klettahólma með birkikjarri og eini eru þar tveir drangar úti í árfarveginum. Heitir sá lægri og sverari Kerling, en sá grennri og spengilegri heitir Karl (Hjálmar R. Bárðarson, 1989: 208).

Ritgerðarhöfundur kynntist örnefnum Karli og Kerlingu í ófáum bátsferðum niður Hvítá fyrir um aldarfjórðungi án þess að afla sér á þeim tíma nánari vitneskju um þau. Þó var alltaf undirliggjandi óljós hugmynd um að nafngiftir klettanna ættu sér rætur í þjóðmenningunni. Áhugi höfundar á klettunum tveimur vaknaði síðar í tengslum við nám hans í þjóðfræði en ekki hefur tekist að finna sögn sem útskýrir heiti klettanna í Hvítá þó svo að sagnir fyrirfinnist um sambærileg fyrirbæri á öðrum svæðum. Sögnin „Karl og kerling“ í fyrsta bindi þjóðsagna Jóns Árnasonar segir til að mynda frá hliðstæðu við klettaparið í Hvítá. Þar segir frá tveimur tröllum, karli og kerlingu sem urðu að steini á leið vestur yfir Breiðafjörð, yfir í Flateyjarlönd. Samkvæmt sögunni dró karlinn á eftir sér eyju sem þau hugðust gefa Snóksdalskirkju. Þegar þau voru fram undan Staðarfelli, dagaði tröllin uppi, svo eyjan sat eftir þar sem hún er enn í dag og heitir Lambey. Tröllin urðu að steindröngum og er sköpulagi þannig lýst: „... karlinn er sjálfur hár og mjór steindrangi. Kerlingin varð að steindranga fyrir utan eyna og er hún lengra frá eyinni en karlinn; hún er og nokkru lægri en hann, en góðum mun gildari“ (Jón Árnason, 1954–1961, I: 199). Í sögunni birtist sú málvenja að tala um að „daga uppi“, sem er þannig útskýrð í orðabók að nátttröll verði að steini þegar sól náði að skína á það, áður en það komst heim í helli sinn (Árni Böðvarsson, 1988: 126). Ljóst er af þjóðsögum að venjuleg tröll steinrenna líka en þessi hugmynd um að lifandi verur verði að steini við tiltekna aðstæður er minni sem á sér víða samsvörun í sagnarfi ólíkra þjóða. Þar má sem dæmi nefna hina kunnu grísku goðsögu um Medúsu, sem gyðjan Mínerva breytti í ófreskju, svo hræðilega að hver sá sem leit hana augum breyttist jafnskjótt í stein (Bulfinch, 1993: 105). Þá er það í annarri

málnotkun og öðru samhengi, að dýr og plöntur steingerast bókstaflega (Plummer, 1996: 164). Sú persónugerving náttúrumyndana sem sögnin um karl og kerlingu lýsir, vekur þannig óhjákvæmilega vangaveltur og spurningar um tengsl sýnilegra kennileita við forna vætti á Íslandi og er það einmitt efni þeirrar rannsóknar sem þessi ritgerð lýsir.

Þær þjóðsögur sem lýsa og skýra tilurð náttúrufyrirbæra af völdum vætta falla í þann flokk þjóðfræðiefnis sem nefnist sagnir. Sagnir eru yfirleitt stuttar frásögur sem vísa til kunnra persóna, staða og/eða fyrirbæra og hafa nokkurn trúverðugleikablæ, en farið er í flokkun þjóðsagnaefnis og helstu einkenni sagna í næsta kafla. Þar sem ritgerðin fjallar um tengsl trölla við landslagið, verður svo rætt um eðli trölla í íslenskum sögnum og hvernig má flokka þær. Jafnframt verður gefin mynd af því hvað skilur á milli mismunandi gerða trölla og skoðað af hvaða ástæðu slíkar sagnir kunna að hafa orðið til og af hverju tröll tengjast mótun landslags á þennan hátt.

Menn munu strax á fyrstu öldum eftir landnám Íslands hafa séð hvernig ný hraunlög urðu til í jarðeldum og hvernig lárétt berglög mótuðust. Um það vitnar frásögn úr *Kristni sögu* af kristnitökunni, sem talin er rituð á 13. öld, þar sem Snorri goði Þorgrímsson svarar heiðnum mönnum, sem álíta að goðin hefni fyrir áform um kristnitöku með því að láta hraun renna í átt að bæ Þórodds goða:

Þá kom maðr hlaupandi ok sagði at jarðeldr var upp kominn í Ölfusi ok mundi hann hlaupa á bæ Þórodds goða. Þá tóku heiðnir menn til orðs: „Eigi er undr í at guðin reiðisk tölum slíkum.“ Þá mælti Snorri goði: „Um hvat reiddusk guðin þá er hér brann hraunit er nú stöndu vér á?“ (Kristni saga, 2003: 33).

Þarna er frumstæð hugmynd um yfirnáttúrlega orsök hamfara með vísan í heiðinn átrúnað látin takast á við hreina rökhyggju. Ef til vill má segja að þarna endurspeglit tvennskonar hugmyndir manna um heiminn og hvernig hugmyndaheimurinn var að taka breytingum fyrir þúsund árum, á þann hátt sem nánar mun meðal annars verða vikið að hér aftar; menn höfðu séð hraun renna undan halla eftir landslagi en hvað þá með steindranga og stök björg sem menn sáu ekki mótast og verða til? Hvaðan komu þau og hvaða öfl höfðu búið í þeim? Jötna- og tröllatrúin var gamalgróin frá tímum heiðni og það getur hafa verið rökrétt að álykta sem svo að stórar verur eins og tröll hafi ýmist varpað björgum þangað sem þau standa eða orðið sjálf að steini sem hafa eitthvert mannlegt form, langt frá öðrum klettum og ekki í augljósu samhengi við grannberg. Þetta er rökrétt, hafi menn á annað borð trúað á tilvist trölla og líklega hefur því ekkert verið augljósara

eða nærtækara sem skýring. Það er að minnsta kosti ekki fjarri skýringu *Vafþrúðnismála* á tilurð jarðarinnar. *Vafþrúðnismál* eru eddukvæði, skráð seint á 13. öld, sem inniheldur samtal milli Óðins og Vafþrúðnis jötuns meðal annars um sköpun og örlög heimsins. Í 21. vísu segir Vafþrúðnir að jörðin hafi verið sköpuð úr holdi jötunsins Ýmis en björgin gerð af beinum hans (Eddukvæði, 1999: 73).

Það er augljóst af þeim mikla fjölda sagna sem fjalla um slíka landmótun, að einhverja skýringu vildu menn hafa á náttúrufyrirbærum í umhverfinu. Þá má jafnvel gera sér í hugarlund að sögutilbúningur um áberandi kennileiti í landslagi hafi haft þann beina hagnýta tilgang að auðvelda ferðamönnum að festa þau og afstöðu þeirra til annarra kennileita sér í minni. Það er jafnframt rökrétt því ratvísi gat hreinlega verið lífsbjörg í harðbýlu landi þegar menn fóru milli bæja og héraða, á landi og sjó. Sé sú tilgáta rétt, hafa sagnirnar á þeim tíma sem þær urðu til og byrjuðu að haldast í munnmælum oft haft beina þýðingu í daglegu lífi íbúa og ferðalanga á því svæði sem þær vísuðu til. Um leið má nefna annan hagnýtan tilgang sem kann að hafa tengst tilveru steinrunninna trölla í umhverfinu; þann að hræða börn frá því að nálgast þá kletta og þau náttúrufyrirbæri sem sögurnar tengjast. Sögurnar gætu hafa aftrað því að börn villtust frá bæjum og lentu í háska. Áður var minnst á klettana Karl og Kerlingu í Hvítá. Þar sem þeir standa háttar svo til að beggja vegna í gljúfrinu eru þverhniptir klettaveggir á báðar hendur, hvað hæstir á þeim kafla þar sem áin rennur í gegnum byggð. Þannig er mjög hátt fall fram af þeim niður í hyljdjúpa og straumharða ána fyrir neðan. Klettarnir henta þar með allvel til þess að fæla börn frá því að nálgast hættusvæðið, sé tengd við þá einhver ógnarleg saga. Hver veit nema fleiri trölla geti verið von þar sem önnur eru fyrir.

Fjallað verður um þessar hugmyndir að einhverju leyti í ritgerðinni og reynt að átta sig á sennileika hvernar þeirra, um leið og íslenskar tröllasagnir eru flokkaðar eftir efni og eftir því hvernig tröll móta land samkvæmt þeim. Sú er einmitt önnur tveggja rannsóknarspurninga sem hér er fengist við; hvernig tröll móta land í íslenskum sögnum. Við þá athugun verður einkum notast við þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar vegna stærðar þess og mikils yfirgríps enda mun það vera umfangsmesta og merkasta þjóðsagnasafn sem komið hefur út á Íslandi frá upphafi (Ólína Þorvarðardóttir, 1998: 245). Þá er í ritgerðinni litið til annarra landa um sagnir af sama meiði og athugað hvort og hvernig tröll hafa verið talin móta land samkvæmt sögnum þeirra. Í því skyni er stuðst við bækur fræðimanna um efnið og farið í gegnum tröllasagnir í nokkrum erlendum

Þjóðsagnasöfnum sem tiltæk eru í íslenskum bókasöfnum. Sjónum er sérstaklega beint til Noregs (þangað sem uppruni Íslendinga er einkum rakinn), og til Írlands og Skotlands. Bornar verða svo saman sögur milli landa og reynt að draga fram þau sérkenni sem kunna að birtast í hverju landi um sig, til þess að athuga að hve miklu leyti gerð þessara sagna á Íslandi mótast af sérstökum íslenskum aðstæðum. Þar er um leið komin hin megin rannsóknarspurning ritgerðarinnar, það er að segja hvort landmótun tröllla sé frábrugðin eða hafi aðra fyrirferð í íslenskum sögnum en í sögnum nágrannalanda – og ef svo, af hverju.

2 Eðli sagna

Hugtakið „þjóðsögur“ er allvíðtækt og nær yfir nokkur mismunandi og ólík frásagnarform, sem öll eru upp runnin í munnmælahefð en færð skipulega í letur á síðari öldum.¹ Það er því gagnlegt að hefjast handa með því að greina á milli þessara frásagnarforma, skoða hvernig þjóðsögur flokkast og ekki síst að staðsetja tröllasögur innan viðtekinnar flokkunar, áður en lengra er haldið í rannsókninni.

2.1 Hvað er þjóðsaga?

Þjóðsagnaefni er að finna í óbundnu máli svo sem ævintýrum, sögnum og fleira, sem nánar má lesa um í kafla 2.2 hér á eftir. Hinsvegar finnst það í bundnu máli svo sem Eddukvæðum og dróttkvæðum sem landnámsmenn fluttu með sér til Íslands en síðar rímum og öðrum lýrískum skáldskap. Efniviðurinn í báðum þessum flokkum hefur oft gengið manna á milli framán af um langan aldur og er oft sóttur í munnlega geymd (Jón Hnefill Aðalsteinsson, 1989: 292). Rakning munnmælahefðar er ekki auðveld en þó er skýrt dæmi um það hvernig þjóðsagnaefni flyst milli kynslóða að finna í lýsingu Jóns Thorarensen á því að ömmusystir hans sagði honum söguna „Hann gengur að með dögg“. Ömmusystirin hafði heyrt söguna af munnni nafngreindrar konu, Jóhönnu nokkurrar:

Nokkru eftir að ég hafði skrásett söguna, kom ég að Hamarsheiði og spurði Jóhönnu nánar um þessa skemmtilegu sögu. Ég kom þá ekki að tómunum kofunum eins og sagt er stundum. Jóhanna mælti: „Ég sagði Ólínu Andrésdóttur þessa sögu, en mér sagði móðir mín, Helga Ketilsdóttir, húsfreyja í Núpstúni í Hrunamannahreppi en henni síra Jón Högnason prestur í Hrepphólum en síra Jóni, kona hans, Kristín frá Reykjadal, en að Reykjadal kom sagan frá síra Jóni Finnssyni presti í Hruna. Hann lærði söguna í Skálholti hjá Finni biskupi, föður sínum“. Þetta voru orð Jóhönnu. Þetta er einstakt, hvernig Jóhanna gat rakið feril sögunnar, og sýnir frábæra varðveislu þjóðarinnar á óskráðum þjóðsögum og gefur okkur vonina um það, að ef til vill séu enn varðveittir, lið fram af lið, þjóðlegir óskráðir dýrgripir meðal þjóðsagna og örnefna (Jón Thorarensen, 1971: XXIV).

Finnur Jónsson var biskup árin 1754-1785 (Skálholtsskóli, 2018) og Jón Thorarensen lést árið 1986 (Ísmús, 2018), þannig að segja má að rakning sögunnar spanni tvær aldir.

Þjóðsagnasöfnun hófst í Evrópu snemma á 19. öld þegar byrjað var að safna þjóðsagnaefni skipulega eftir munnlegum flutningi alþýðufólks og færa í bækur, fyrst á hinu þýska menningarsvæði en fljótlega líka í öðrum löndum, þar á meðal í Danmörku og

¹ Skráning þjóðsagna kemur þó auðvitað ekki í veg fyrir að þær lifa áfram í munnlegum flutningi.

Noregi. Þýsku bræðurnir og frumkvöðlarnir Wilhelm (1786-1859) og Jacob (1785-1863) Grimm voru meðal fyrstu þjóðsagnasafnara og -fræðinga, en ævintýrasafn þeirra, *Kinder- und Hausmärchen*, kom út á árunum 1812-1815. Bræðurnir sögðust sjálfir leggja sig fram um að skrifa sagnir sem nákvæmast upp eftir munnlegri heimild (Zipes, 2014: XIX-XXI). Í kjölfar *Kinder- und Hausmärchen* gáfu Grimm-bræður út sagnasafnið *Deutsche sagen* á árunum 1816 til 1818 og fljótlega þar á eftir fóru að koma út þjóðsagnasöfn í nágrannalöndunum. Danir urðu fyrstir Norðurlandþjóða til þess að gefa út þjóðsagnasafn, en *Danske folkesagn* kom út árin 1818-1823 í útgáfu Just Mathias Thiele (1795-1874). Fyrsta norska útgáfan var *Norske sagn* Andreas Faye (1802-1869), sem kom út árið 1833, þó að ævintýrasafn Peter Christen Asbjørnsen (1812-1885) og Jørgen Moe (1813-1882), *Norske Folkeeventyr*, sem kom út fjórum bindum árin 1841-1844, yrði mun þýðingarmeira í norskri arfleifð (Gunnell, 2010: 13).

Upphaf þjóðsagnasöfnunar á Íslandi miðast við árið 1845 þegar breski fræðimaðurinn George Stephens (1813-1895) ritaði hvatningu til Íslendinga um ritun þjóðsagnaefnis, sem hann lagði fram á fundi hjá Fornfræðafélaginu í Kaupmannahöfn. Um það leyti hóf Jón Árnason (1819-1888) að safna efni í félagi við Magnús Grímsson (1825-1860) og kom hluti þess út undir heitinu *Íslenzk æfintýri* árið 1852 (Ögmundur Helgason, 1991: 117-122). Eftir það hélt Jón söfnun áfram, ekki síst fyrir hvatningu og hjálp dr. Konrad Maurer (1823-1902).² Naut hann krafta ýmissa safnenda víða um landið og lyktaði söfnuninni með tveggja binda útgáfu *Íslenzkra þjóðsagna og æfintýra* í Leipzig á árunum 1862 og 1864. Verk Grimm-bræðra voru Jóni Árnasyni bæði hvatning og fyrirmynd um söfnun þjóðsagnaefnis, enda tileinkaði hann Jacob Grimm þjóðsagnasafn sitt (Jón Árnason, 1954-1961, I: XX-XXII). Þó svo að margir aðrir hafi stundað þjóðsagnasöfnun á Íslandi, þá er safn Jóns Árnasonar hið langsamlega stærsta og áhrifamesta, en til viðbótar því efni sem birtist í fyrstu útgáfu þess, safnaði Jón mun meira efni sem kom loks út í sex bindum upp úr miðri síðustu öld (Gísli Sigurðsson, 1996: 409-410).

Jón Árnason talaði um „alþýðusögur“ eða öðru nafni „munnmælasögur og ævintýri“ þegar hann vísaði til þess sem við köllum þjóðsögur í dag. Hann greindi meðal annars á milli þessara alþýðusagna og bóksagna (og átti þar væntanlega við


² Söfnunin var í samstarfi við Magnús Grímsson allt til dauða hans árið 1860.

Íslendingasögurnar og fornritin), með því að alþýðusögurnar lýsi betur en flest annað hugsunarhætti þjóðarinnar og venjum (Jón Árnason, 1954–1961, I: XVII). Ævintýri voru sérstakur flokkur í söguritun Jóns en hinir níu flokkar munnmælasagna voru þessir: Goðfræðisögur, draugasögur, galdrasögur, náttúrusögur, helgisögur, viðburðasögur, útilegumannasögur, kímnisögur og kreddur. Flestar þessar sögur flokkast sem sagnir í dag.

2.2 Mismunandi frásagnarform í óbundnu máli (goðsögur, ævintýri og sagnir)

Heiti þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*, sem er byggt á heiti safns Stephens og Hyltén-Cavallius í Svíþjóð (*Svenska folk-sagor och äfventyr*), er dálítið ruglandi en gefur þó til kynna að það eru fleiri en ein tegund af sögum í safninu³ (Gunnell, 2017: 2). Grimm-bræður vildu skipta því þjóðsagnaefni sem gekk meðal fólks í eftirtalda þrjá flokka: goðsögur (e. *myth*), sagnir (e. *legend*) og ævintýri (e. *fairytale*), og lýstu því svo að ævintýri væru skáldlegri og sagnir sögulegri (Grimm, 1974: 7). Skipting af þessu tagi er auðvitað gagnleg en hún er ekki einhlít og ekki víst að hægt sé með auðveldum hætti að fella allar frásagnir í lausamáli undir tiltekinn flokk sagnaefnis. Finnski þjóðfræðingurinn Lauri Honko (1932-2002) bjó til myndræna útfærslu, sagnalíkan, um hina þrjá sagnaflokka þar sem eiginleikar hvers flokks eru skýrðir í fáum orðum (sjá mynd 1 hér að neðan).

Mynd 1: Sagnalíkan Honkos (Gísli Sigurðsson, 1996: 414)



Hægt er að skilgreina hverja frásögu nánar með því að færa hana á sinn stað inni á myndinni eftir því hvaða orð lýsa eiginleikum hennar best (Gísli Sigurðsson, 1996: 414). Aðferð Honkos er í sjálfu sér gagnleg til ítarlegrar greiningar sagna og til samanburðar

³ Ekki er víst hvað Jón á við með heitinu þjóðsögur í titlinum en það lítur út fyrir að hann eigi við sagnir (Gunnell, 2017: 6).

þeirra en gagnsemi hennar er auðvitað nokkuð háð tilgangi lesandans eða rannsakandans. Í stuttu máli má þó segja að goðsagan fjalli um upphaf alls, sköpun jarðar og alheims, og útskýri það hvernig tilveran hefur fengið núverandi svip. Helstu persónur goðsögunnar eru oft ekki mennskar en hafa oftast mannlega eiginleika. Eitt megin einkenni ævintýra aftur á móti er það að þau eru hafin yfir stund og stað. Þau blanda hinu yfirskilvitlega saman við hið náttúrlega auk þess sem fjaraskinn blandast saman við nándina. Ævintýrið öðlast þannig aðeins eina vídd. Þar að auki ristir frásögnin grunnt, til dæmis í samanburði við sagnir því að persónur og dýr skortir bæði líkamlega og andlega dýpt (Lüthi, 1982: 1-12).

2.3 Eðli sagna

Sagnir eiga sér rætur í hversdagslegum veruleika og eru sú gerð þjóðsagna sem ætlast til að þeim sé trúað (Oring, 2008: 128). Í þeim eru landfræðilegar vísanir ásamt því að persónur eru tilgreindar; jafnvel koma fram í þeim nöfn sögupersóna svo sem kunnra hetja úr fortíðinni (Zipes, 2014: 7). Menn af okkar heimi eru því helstu sögupersónur í sögnum þó svo að þær eigi oft í samskiptum við verur annars heims. Þannig verða sagnirnar jafnvel nokkuð vel festar í tíma líka, ekki síst þegar fjallað er um atburði þar sem sagt er frá nafngreindri persónu í æsku hennar, á fullorðinsárum eða í elli. Því nákvæmari og ítarlegri sem slíkar vísanir eru í þekkt fyrirbæri, því líklegra er það til þess að auka á trúverðugleikann í sögninni. Þá skiptir máli að almenn trú og ályktanir sem fram koma í sögninni séu viðteknar í félagshópi þess sem segir frá og þeirra sem á hlýða og einnig að þær varði daglegt líf þeirra (Simpson, 1988: 1).

Alveg frá upphafi hafa sagnir verið taldar „sagnfræðilegri“ en aðrar tegundir þjóðsagna á þann hátt að þær eru ekki eins ýkjukenndar og ævintýri og goðsögur, og frásagnarmátinn lágstemmdari. Sagnir lýsa þannig kunnuglegu landslagi og landsháttum, og mannvirki og fólk gegnir hefðbundnum hlutverkum, þó svo að verur annars heims komi við sögu en ólíkt því sem gerist í ævintýrunum eru þær greinilega framandi jarðneskum persónum sagnanna (Tangherlini, 1994: 5-8). Ólíkt ævintýrum eru sagnir einnig einfaldar í frásögn sinni, gjarnan sagðar í aðeins einum þætti og fremur stuttar fyrir vikið, eins og Tangherlini skrifar:

Whereas the folktale is multi-episodic, the legend is, by and large, mono-episodic. In the folktale, the hero is often placed in numerous, albeit repetitive, situations that

function independently as a syntactic whole, but do not tell a complete story. The folktale is made up of numerous episodes with a discrete beginning, middle and end, put together to make a larger whole. Legend, on the other hand, is comprised entirely of a single experience. The episodic nature of legend is paramount in any characterization of the genre (Tangherlini, 1994: 8).

Tröllasögur íslensku þjóðsagnasafnanna fylla flokkinn sagnir vegna þess að þær falla jafnan að framantöldum skilgreiningum. Vísanir í kunna landfræði og kunnar sögupersónur auka á trúverðugleika þeirra auk þess sem þær snerta að einhverju leyti daglegt líf almúgafólks í þeim skilningi að söguviðið er þekkt og aðstæður kunnuglegar. Til viðbótar þessu eru tröllasögurnar oft stuttar og heildstæðar. Hvað varðar sennileikann sem sagður er vera eitt einkenni sagna, má spyrja sig hvenær tröllatrú hafi í raun liðið undir lok. Því verður ekki svarað hér en fullyrða má að átrúnaður á tröll hafi greinilega verið lifandi þegar margar þessara sagna mótuðust og byrjuðu að ganga milli fólks í munnmælum. Nánar verður fjallað um það síðar.

2.3.1 Flokkar sagna

Sagnir má svo greina í ýmsa undirflokka, svo sem út frá formi þeirra, efni, dreifingu eða tilgangi (e. *function*). Með tilgangi er átt við að markmið sögumanns með því að flytja sögnina, getur verið mismunandi (Simpson, 1988: 2). Aftur má greina á milli tveggja höfuðflokka sagna út frá efni, annarsvegar goðsögulegar (e. *mythical*) og hinsvegar sögulegar (e. *historical*). Dreifing sagna greinir þær líka í sundur út frá því hvort þær eru staðbundnar (e. *local*) eða flökkusagnir (e. *migratory*).⁴ Sú staðbundna er bundin við tiltekinn stað. (Simpson, 1988: 2). Augljósasta dæmið um staðbundnar sagnir eru svokallaðar útskýringasagnir (e. *etiological legends*), sem hafa það hlutverk að varpa ljósi á örnefni, einkennandi þætti í tilteknu landslagi, venjur og fleira (Lindow, 1978: 27). Staðbundin sögn ber almennt ekki í sér þætti eða forsendur til þess að breiðast út frá einum stað til annars í heild sinni, þó svo að minni úr henni geti dreifst, en flökkusagnir verða oft einnig staðbundnar að einhverju leyti þegar þær eru tengdar við tiltekinn stað. Þá er nauðsynlegt að nefna frásagnir sem jafnan eru einnig taldar undirflokkur sagna, en það eru reynslusögur (e. *memorates*). Þær lýsa reynslu sögumanns eða þeirra sem hann þekkir vel og eru jafnan í einni línulegri frásögn. Reynslusögur byggja á trúverðugleika eins

⁴ Norski þjóðfræðingurinn Reidar T. Christiansen rannsakaði flökkusagnir í Skandinavíu og á Írlandi, og birti eigin gerðaskrá um flökkusagnir í bók sinni *The Migratory Legends*. Sjá nánar í kafla 5.1 um norskar sagnir hér aftar.

og sagnir almennt en sérkenni þeirra er hin persónulega einstaklingsupplifun sem þær lýsa (Bahna, 2015: 7-8). Finnski þjóðfræðingurinn Lauri Honko segir að með því að hlusta á frásögn af yfirnáttúrlægri reynslu sögumanns, nái skrásetjarinn snertingu við lifandi þjóðtrú sem getur jafnvel raungerst með því að hún hafi áhrif á atferlismynstur eða hegðun: „Memorates are a valuable source for the study of folk religion primarily because they reveal those situations in which supernatural tradition was actualized and began directly to influence behavior“ (Honko, 1964: 10).

2.3.2 Útskýringasagnir

Útskýringasagnir eru undirflokkur sagna, en þeim er ætlað að skýra efnisleg fyrirbæri, siðvenjur, staðhætti, náttúrufræðingurinn, örnefni og fleira, eins og bent er á hér að ofan. Þær hafa þannig sterk tengsl við samfélagið sem þær spretta úr og lifa í. Útskýringarsagnir geta líka útskýrt forboðna hluti, til dæmis með því að segja fólki að ógæfa þess stafaði af verkum álfa, galdrakerlinga, drauga eða djöfulsins sjálfs, en oft er auðveldara að trúna því að ógæfa hafi átt sér tilviljanakennda orsök (Simpson, 1988: 5). Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvers vegna hafi þurft að útskýra hið efnislega, eins og náttúrufræðingurinn, með einhverjum hætti. Svárið hlýtur að vera þörf mannsins fyrir þekkingarleit, sú þörf að skilja og skilgreina umhverfi sitt, og gera sér heildstæða mynd af því, eins og sést vel í goðsögum. Þar sem rökrænar skýringar þraut, hlutu ímyndunaraflíð og skáldagáfan að taka við þegar menn bjuggu sér heimsmynd.

Sagnfræðingurinn Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856-1918) lýsir því svo ágæta vel í formála sínum að *Þjóðtrú og þjóðsögnum* (fyrst gefin út 1908):

Mannsandinn leitar ætíð að orsökum og samhengi viðburðanna, og býr sér það til, þar sem hann megnar ekki að finna það á annan hátt; uppúr því skapast svo og lagast viðburðirnir í sögusögnunum, nýjar sagnir myndast, og heil kerfi af sögum og ævintýrum verða til upp úr öllu þessu. Þjóðtrúin og þjóðsagnirnar mynda þannig allt aðra mannfræði, náttúrufræði og sögu, samhliða þeirri sem vísindin hafa fundið. Og sú efnisfærsla er hvorki bundin við stað né stund, heldur á hún rót sína að rekja til hugmyndaflugs og þankabrota mannsandans í reifum, sem horfir út yfir tilveruna, tekur það, sem fyrir augun og eyrun ber, og yrki utanum það umgerðir, eftir því sem hver er til fær, jafnar það og gerir það ljóst, skiljanlegt og sögulegt á hvern þann hátt, er bezt gerist (Oddur Björnsson, 1977: 2).

Fjölmargar þeirra sagna sem fjalla um landmótun trölla, bæði íslenskra og erlendra, teljast vera útskýringarsagnir þó að þær kunni að bera einkenni annarra flokka sagna líka. Þær skýra það hvernig tiltekin náttúrufræðingurinn, svo sem klettur, björg og eyjar

hafa myndast fyrir beinan tilverknað trölla eða vegna þess að þau hafa í ógáti dagað uppi (sjá nánar í 6. kafla). Sögnin um Likný í Þjórsárdal er prýðilegt dæmi um þetta:

Í Þjórsárdal fyrir ofan Stóranúp er klettur einn sem Likný heitir; það var tröllkona sem leitaðist við að verja mönnum umferðir um dalinn með því að hlaða grjótgarð yfir um þveran dalinn, en hvað henni gekk til þess vita menn ekki. Tröllkonan var of lengi að því starfi svo hana dagaði uppi og á mynd hennar að vera á klettinum Likný (Jón Árnason, 1954–1961, I: 197).

Í sögunni er vísun í þekktan klett sem ber tröllkonunafn og ástæða nafngiftarinnar skýrð auk þess sem skýring er gefin á nærliggjandi grjótgarði. Sögnin um Likný fellur eftir flokkun Jóns Árnasonar á þjóðsögum undir goðfræði⁵ og í undirflokk sagna um nátttröll. Þessa flokkun Jóns, sem getið er um hér frammar, sótti hann til Konrads Maurer en hún er alls ekki einhlít (Gísli Sigurðsson, 1996: 412). Jónas frá Hrafnagili taldi hana úrelta og eftir flokkunarkerfi hans sjálfs falla sagnir um landmótun trölla í flokk náttúrusagna. Um þær segir Jónas meðal annars þetta á einum stað:

Þar hafa menn reynt að skýra frá því, sem fyrir ber í náttúrunni í kringum þá, og er það ærið margt og margvíslegt. Náttúrufræði alþýðunnar er mjög merkileg, og margt í henni afarfornt, enda eru sumir hlutir þeir í náttúrunni, sem yfirnáttúrlegir kraftar fylgja, og er ekki ónýtt að kunna að nota sér þá. Þá er og margt það til innan endimarka náttúrunnar, sem er mjög undarlegt og þarf skilnings og skýringa við, og hefir rannsóknarandi alþýðunnar fengizt við það á marga vegu (Oddur Björnsson, 1977: 8).

Orð þau, sem Jónas frá Hrafnagili hefur um fróðleiksleit alþýðunnar og þörfina til þess að skilja umhverfi sitt, eru eftirtektarverð. Sú fróðleiksleit er meðal viðfangsefna lokakafla þessarar ritgerðar þar sem reynt er að greina hvort mögulega megi til viðbótar finna annan og meiri tilgang að baki sagnagerðinni. En næst er þó að skoða efnisaðföng og val á efnivið til þessarar rannsóknar.

3 Gagnaöflun og aðferðafræði

Hér á eftir er útskýrð sú aðferðafræði sem notuð var við gagnaöflun og gagnameðferð rannsóknarinnar. Nokkrir mismunandi valkostir hefðu getað komið til greina um

⁵ Val Jóns endurspeglar að sumu leyti hve líkar sumar útskýringasagnir eru goðsögum, enda eru tröll nátengd jötnum (Inga Lára Sigurðardóttir, 2002: 32-35).

efnisaðföng og úrvinnslu, því um frekar auðugt svið er að ræða þegar litið er til tröllasagna. Hér á eftir er heimildavinnu nánar lýst og einnig því hvers vegna sú leið var valin sem farin er við rannsóknina.

3.1 Almennt um heimildir

3.1.1 Munnleg geymd

Í kaflanum hér á undan var vikið að því að tröllasögur, líkt og annað þjóðsagnaefni, voru upphaflega geymdar í munnlegri frásagnarhefð og síðan færðar í letur. Munnleg varðveisla og flutningur á bundnu sem óbundnu máli er ævagömul aðferð til þess varðveita og flytja milli einstaklinga, kynslóða og samfélaga margháttða skemmtun og fróðleik. Munnleg sagnalist hefur þó víða verið háð ákveðinni formfestu og sagnamenn auðveldað sér að muna jafnvel langar og flóknar sögur með því að læra og beita tilteknum formúlum sem sögurnar raðast utan um, það er að segja: „a group of words which is regularly employed under the same metrical conditions to express a given essential idea“ (Lord, 2000: 30). Þó svo að breytileiki í kjarna hverrar frásagnar kunni að vera óverulegur frá tíma til tíma hefur hver sagnamaður svigrúm til þess að sleppa úr, auka við eða breyta áherslum í sínum flutningi. Þannig getur einhver breytileiki alltaf orðið og jafnvel stundum svo mikill að líta má þannig á að um nýtt verk sé að ræða (Gísli Sigurðsson, 1996: 410-411). Breytileiki milli sagnamanna veldur því að hin munnlega heimild sem taka á til skráningar kann að vera efnislega nokkuð háð því hvar borið er niður í aðfangaleit. Þannig þarf einnig að líta til félagslegs og persónulegs samhengis við munnlegan flutning. Ólíkt tvívíðu rými frásagnar sem skráð er á blað og tekin upp þaðan af lesanda, þá hefur munnlegur flutningur frammi fyrir áheyrendum fleiri víddir. Frásögnin getur tekið mið af áheyrendum, því rými sem flutningurinn á sér stað í, og af svipbrigðum og líkamstjáningu sögumannsins sem bætir því sjónræna við textann. Í munnlegum flutningi hverfist frásögnin um sögumanninn og til verður sjónrænt og táknfræðilegt samhengi. Þá má gera ráð fyrir því að stór hluti af táknfræði þess sem flutt er berist áheyrendum / áhorfendum í annarskonar skilaboðum og í öðru formi en textanum einum. En textinn er það eina sem situr eftir og varðveitist við ritun þjóðsagnasafna (Gunnell, 2006: 7-9).

3.1.2 Þjóðsagnasöfn

Það virðist augljóst að skráð frásögn hlýtur að bera mark af minni, áherslum og fleiri persónubundnum þáttum tengdum sögumanni, þann dag og á þeirri stundu sem hún er skráð. En um leið og munnleg frásögn hefur verið færð í letur eða annað fast birtingarform, svo sem með útgáfu þjóðsagnasafna, er orðin til tiltekin útgáfa af þeirri frásögn sem öðlast þar með ákveðinn sess í óbreytanleika sínum. Þannig verður til skráð heimild sem hlýtur oft að verða tekin sem viðmið um „réttu“ útgáfu þess sem frásögnin lýsir. En ljóst er að skrásetjari sagna kann einnig að setja sitt svipmót á frásögn, jafnvel ritstjóri eða útgefandi sagna líka ef hann er annar en skrásetjari. Þá getur tíðarandi einnig ráðið nokkru um svipmót frásagnar auk breytileika sem á sér stað milli landssvæða og jafnvel annarra þátta. Áhrif safnara sést vel í ævintýrum Grimm-bræðra. Þó svo að þeir segðust hafa lagt sig fram í því að birta sem nákvæmasta skráningu af munni sögumanna sinna í fyrstu útgáfu *Kinder- und Hausmärchen* (samanber kafla 2.1 hér á undan), þá er ljóst að þeir ritskoðuðu efnið fyrir aðra útgáfu verksins sem kom út árið 1819 svo að það félli betur að smekk millistéttarfólks. Auk þess var unnið að því að fella út mjög grófar lýsingar svo sögurnar hæfðu betur börnum (Zipes, 2014: XXXI). Ljóst er að við skráningu á bók breytast þó einnig forsendur túlkunar því að umgerð, samhengi og táknfræði textans færast að hluta til úr höndum sögumanns í lifandi flutningi yfir á lesendur skráðrar sögu, sem (eins og upphaflega hlustendur) byggja túlkunina á eigin þekkingu og reynsluheimi. Eins og Daniel Chandler skrifar:

In making sense of a text, its interpreters make modality judgements about it, drawing on their knowledge of the world and of the medium. For instance, they assign it to fact or fiction, actuality or acting, live or recorded, and they assess the possibility or plausibility of the events depicted or the claims made in it. Modality judgements involve comparisons of textual representations with models drawn from the everyday world and with models based on the genre; they are therefore obviously dependent on relevant experience of both the world and the medium (Chandler, 2007: 65).

3.2 Efnisaðföng og heimildanotkun

Við ákvörðun höfundar um umfang þessarar rannsóknar, ákvað hann að skoða ítarlega íslenskar tröllasagnir, flokka þær og greina, og sérstaklega að skoða náið hvernig lýst er landmótun af völdum trölla. Í þessu skyni var leitað fanga í prentuðum íslenskum þjóðsagnasöfnum með aðstoð *Sagnagrunns* auk þess að skoða vefsíðu Ísmús (sjá næstu blaðsíðu). Þá var stuðst við fræðirit og -greinar um efnið sem aðgengilegar eru hérlendis.

Meðal viðfangsefna rannsóknarinnar var að bera íslenskar tröllasagnir saman við erlendar sem fjalla um svipað efni til þess að athuga hvort íslenskar tröllasögur hafa einhver sérkenni. Í þessu sambandi virtist hæfilegt að einskorða sig við norskar og breskar sagnir, af ástæðum sem lýst er hér aftar. Fyrst var lagður grunnur að þessari ritgerð árið 2015 og allt fram að lokaskrifum leitaðar uppi norrænar bækur á íslenskum bókasöfnum, auk skoskra og írskra, sem fjalla að einhverju eða öllu leyti um efnið. Leitað var á leitarkerfi íslenskra bókasafna, gegnir.is, á Internetinu, og flett í gegnum fjölda bóka á söfnum, einkum bókasafni Norræna hússins í Reykjavík og á Landsbókasafninu. Þá veitti leiðbeinandiinn við skrifin, Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, mikilsverðar ábendingar um heimildir.

3.2.1 Sagnagrunnur

Gagnagrunnurinn *Sagnagrunnur.is* á Netinu reyndist notadrjúgur við þessi skrif, en um er að ræða kortlagt yfirlit um flestar ef ekki allar íslenskar þjóðsögur sem komið hafa út á prenti. Upphaf *Sagnagrunns* má rekja um það bil aftur til ársins 1999 þegar prófessor Terry Gunnell hóf vinnu við kerfisbundna skráningu íslenskra þjóðsagna í anda og að fordæmi sænska þjóðfræðingsins Bo Almqvist (1931-2013). Vinna við *Sagnagrunn* var frá upphafi samhæfð við nýjan gagnagrunn með hljóðupptökum af þjóðsagnaefni úr safni Árnastofnunar, sem fært var í stafrænan búning og vistað á vefnum *Ismus.is* í samstarfi við Tónlistarfélag Íslands (Gunnell, 2015: 15-40). Nánar er sagt frá vefnum Ísmús hér á eftir. *Sagnagrunnur* í núverandi mynd er svo afrakstur meistaraverkefnis Trausta Dagssonar í þjóðfræði. Í hann eru færðar sagnir sem hafa verið gefnar út á prenti allt frá miðri 19. öld. Nýjasta gerðin af *Sagnagrunni* birtir einnig Íslandskort sem sýnir bæði sögustaði sagnanna og búsetusvæði heimildarmanna. (Gunnell og Trausti Dagsson, 2014). *Sagnagrunnur* hefur í þessu tilviki reynt ómetanlegur til þess að glöggva sig á dreifingu sagna um landið út frá söguefninu sjálfu og öðrum þáttum hvernar sagnar.

3.2.2 Ísmús

Enn í dag er unnið að söfnun og skráningu munnlegra fræða, meðal annars með fulltingi þjóðfræðinema við Háskóla Íslands. Hluti þess fróðleiks sem hefur verið leitast við að safna, eru sögur af yfirnáttúrulegum verum og fyrirbærum, þar með tröllasögur. Áður munaði langmest um skipulega söfnun Árnastofnunar, sem meðal annars fór fram í samstarfi við Ríkisútvarpið. Sú söfnun hófst á 7. áratug síðustu aldar og náði til allra sveita

landsins en líka út fyrir landsteinana. Framan af var efni hljóðritað á segulbönd en í seinni tíð hefur verið unnið að yfirfærslu í stafrænt form ásamt því að tæknin sem einkum er notuð í dag til söfnunar er stafræn. Árnastofnun tók upp samstarf við Tónlistarsafn Íslands fyrir nokkrum árum um birtingu hljóðrita stofnunarinnar á vefsvæði *Ísmús* á Internetinu. Hin fyrstu voru færð þar inn árið 2004 (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2017). *ismus.is* hefur lítillaga verið haft til hliðsjónar hér.

3.2.3 Prentuð íslensk þjóðsagnasöfn

Allnokkur þjóðsagnasöfn hafa verið tekin saman og gefin út á bókum hérlendis. Þar eru *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* Jóns Árnasonar langsamlega fyrirferðarmestar, eins og fyrr er sagt, þó svo að safn Sigfúsar Sigfússonar sé einnig sérstaklega mikið að vöxtum. Við uppfléttingu í *Sagnagranni* kom í ljós að 2.683 sögur þar eru sóttar í safn Jón Árnasonar af 10.110 sögum alls, eða ríflegur fjórðungur í nítján heimilda safni. Við skoðun kom fljótlega í ljós að hæfilegt væri fyrir þetta verkefni að takmarka sig að langmestu leyti við þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar, einkum af tveimur ástæðum; annarsvegar þeirri að það er mjög yfirgripsmikið (tröllasagnir í safni Jóns eru 154 og þar af greinir 31 frá landmótun trölla) og hinsvegar að nauðsynlegt var að takmarka efniviðinn til þess að komast yfir að skoða hann og greina til nota í ritgerð af þessu tagi. Varðandi þá ákvörðun má líka líta til ummæla sem Sigurður Nordal hefur eftir Séamus Ó Duilearga, prófessor í Dublin, sem hann hefur greinilega í hávegum sem fræðimann: „[Ó Duilearga]... sagði einu sinni við mig, að sér fyndist þjóðsögur Jóns Árnasonar vera bezta þjóðsagnasafn, sem til væri“ (Sigurður Nordal, 1980: XV). Þó svo að megináherslan sé á þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar, verður hér einnig vitnað í tilbrigði sagna í öðrum söfnum, eftir því sem við á.

3.2.4 Erlend gagnasöfn og heimildir

Uppruni landnámsmanna er í stórum dráttum allvel kunnur og forvitnilegt er að bera tröllasögur Íslendinga saman við sagnir þeirra þjóða sem eru þeim skyldastar samkvæmt sögulegum heimildum. Til samanburðar við íslenskar sagnir er þannig leitað í norskar sagnir ásamt írskum og skoskum, og er gefið nánara yfirlit um þær í fimmta kafla ritgerðarinnar. Mikið hefur munað um að þjóðsagnasafn Peter Christen Asbjørnsen og Jørgen Moe, sem getið var í kafla 2, *Norske Folkeeventyr*, er nú aðgengilegt að öllu leyti í netútgáfu. Einnig er hér stuðst við gerðaskrá norska þjóðfræðingsins Reidar Christiansen. Írskar og skoskar sagnir hafa verið sóttar í ýmis rit sem aðgengileg voru á íslenskum

bókasöfnum auk þess sem prófessor Terry Gunnell var hjálplegur við aðföng, sem fyrr segir.

Einnig ættu norskar sagnir að gefa ágæta heildarmynd af sagnaarfi Skandinavíu með hliðsjón af þeirri einsleitni sem ríkir í sagnahefð meðal norrænna þjóða (Lindow, 1978: 26). Þá er ekki úr vegi að skoða írskar og skoskar sagnir til samanburðar við íslenskar vegna þess að hluti landnámsmanna á Íslandi kom frá Bretlandseyjum auk margra þræla sem getið er um í fornum heimildum. Gísli Sigurðsson hefur dregið fram ýmis rök sem hníga að því að ánaðugt fólk frá Bretlandseyjum og konur sem norrænir menn tóku sér þar, hafi að einhverju marki haft áhrif á þá menningu sem fósraðist hérlendis frá landnámi (Gísli Sigurðsson, 2013: 75-87).

Í 5. kafla eru skoðaðar norskar, írskar og skoskar tröllasagnir sem snerta landmótun, og þess freistað að finna hliðstæður og andstæður við það sem íslenskar sagnir lýsa. Fyrst er þó nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvað „tröll“ er í raun, og einkum hvaða skepnur af því kyni breyta og móta ásýnd umhverfis okkar.

4 Hvað er tröll?

Segja má að tröll þjóðsagnanna séu sambland af jötnum, risum, þursum, gýgum og tröllum sem birtast í fornbókmenntum. Sambræðingur þessara vætta varð eftir kristnitöku og eru eiginleikar þeirra betur skýrðir í kafla 4.3 hér á eftir. Ármann Jakobsson segir reyndar um orðið „tröll“ að á ritunartíma Íslendingasagnanna sé það samheiti yfir ýmsa yfirnáttúrlega vætti, allt frá draugum yfir í risa með bústað í fjöllum. Ástæðan kunni að hafa verið sú að ekki hafi verið mikil þörf á miðöldum fyrir að skilja og greina slík fyrirbæri – tröll hafi aðeins verið eitthvað framandi til að óttast (Ármann Jakobsson, 2017: 19). Þegar komið var fram á 19. og 20. öld hafði hugtakið „tröll“ hinsvegar öðlast þrengri merkingu en á miðöldum (Ármann Jakobsson, 2017: 27). Rétt er því að skoða næst stuttlega þróun og eðli skyldra vætta frá forneskju til okkar daga.

4.1 Jötnar Eddukvæða og Snorra-Eddu

Í norrænni goðafræði eru jötnar taldir elstir allra lifandi vera. Þeir eru óvinir manna en líka helstu óvinir goðanna þó stundum séu samskiptin vinsamleg. Jötnar voru stærri og sterkari en menn, en nærri ásum í stærð og styrk (Ólafur Briem, 1991: 18-19). Jötnar voru

jafnan í einhverri mannsmynd í útliti þó svo að ýmis tilbrigði væru við það; jafnvel voru þeir til marghöfða, eins og sjá má í vísu 31 í *Skírnismálum* Eddukvæða (Eddukvæði, 1999: 98).

Forvitnilegt er einmitt að skoða persónur jötna í þeim heimildum sem við höfum um þá og birtast í *Eddukvæðum*, en þau eru sögð geyma í sér minningar sem raktar eru allt aftur til þjóðflutninganna miklu í Evrópu á 4. og 5. öld, en eru skráðar á 13. öld (Gísli Sigurðsson, 1999: IX). Þar má sjá að um ýmislegt virðist gæta jafnræðis milli guða og jötna í norrænni goðafræði þó svo að hlutverk þeirra og gerðir séu í grundvallaratriðum ólík. Sem dæmi um þýðingarmikið hlutverk jötna, er þáttur þeirra í sköpun heimsins út frá norrænni goðafræði en jötunninn Ymir er sagður hafa orðið til í tómi því sem nefnt er gap Ginnunga og þar sem hann byggir var hvorki sandur né sær líkt og greinir frá í vísu 3 í *Völuspá*. Óðinn og bræður hans drápu svo Ymi og byggðu jörðina úr líkamsleifum hans. (Eddukvæði, 1999: 5-6). Fræðimenn hafa þannig tengt jötna við náttúruna og jafnframt dauðann (Inga Lára Sigurðardóttir, 2002: 4-5). Mikilsverðar upplýsingar um jötna er einnig að finna í *Vafþrúðnismálum*, þar sem Óðinn sækir jötuninn Vafþrúðni heim í höll hans í dulargervi og þeir etja kappi um það hvor þeirra sé vísari. Jötunninn er greinilega fróður mjög og lýst sem „alsvinnum“ (þ.e. mjög fróðum) í fyrsta erindi kvæðisins (Eddukvæði, 1999: 61).

Um leið og ásatrúin vék fyrir kristninni, virðist fjandskapur jötna við goðin, sem sést vel í *Völuspá*, hafa farið yfir á kristindóminn með tröllum þjóðsagnanna, þar sem hljómur kirkjukluknanna er sagður hafa verið þeim sérstaklega til ama. Gott dæmi um það er að finna í sögninni um Kleppu tröllkonu, sem var sögð heiðin og hafa brotið steinboga í reiði sinni þegar hún heyrð óm kirkjuklukna (sjá nánar í kafla 6.3). Sú þróun varð jafnframt að jötnar voru ekki framar fróðir og „hundvísir“ eins nefnt er í *Völuspá* (Ólafur Briem, 1991: 20). Smám saman tók heimskan og ljótaleikinn við, og heiðni varð sameiginlegt einkenni þeirra. Þá varð sú breyting að vættirnir voru ekki lengur tengdir sköpun heimsins, heldur sköpun umhverfisins. Landfræðileg staðsetning þeirra breytist líka þannig að þeir teljast ekki lengur koma úr austrinu, heldur voru þeir fyrst staðsettir í norðri og svo loks umhverfis okkur sjálf (Inga Lára Sigurðardóttir, 2002: 79).

4.2 Elstu dæmi um tröll

Elsta þekkt dæmi um tröll (undir því heiti) kemur úr skáldskap víkingaaldar, nánar tiltekið úr *Skáldskaparmálum* sem Snorri Sturluson skráði á 13. öld, þar sem Bragi hinn gamli er sagður eiga samtali við „tröllkonu“ úti í skógi (Lindow, 2014: 14-15).⁶ Engar upplýsingar eru þó gefnar í textanum um útlit tröllsins, stærð, lögun eða önnur einkennandi atriði. Eðli þess kemur samt vel í ljós; það talar í kenningum og segist vera meðal annars gleypir himinhjóls.⁷

Í hinum fyrstu lýsingum á „tröllum“ í *Íslendingasögum* virðast þau vera eins og illir andar eða púkar. Þau eiga það til að breyta um ham og eðli, auk þess sem þau eiga alltaf í spennuþrungum samskiptum við menn þar sem þau láta samt oftast í minni pokann. John Lindow lýsir því þannig: „The nature of trolls as ethnic outsiders and as shape-shifters with certain magic powers would remain salient for centuries“ (Lindow, 2014: 20). Þar sem vísað er til trölla í *Íslendingasögum* er orðið oftast notað í fleirtölu og þau tilheyra öðrum heimi; hinum dularfulla, óskýranlega og ókunna. Sé einhverju til dæmis „kastað til tröllanna“ á það ekki afturkvæmt til mannheima og sama á við um menn sem komast „í tröllahendur“. Það, að tröll „taki“ einhvern, virðist mega túlka svipað, það er, sem dauða viðkomandi manneskju. Mörg dæmi styðja þá hugmynd (Lindow, 2014: 21). Merking orða Hallgerðar langbrókar er þar með skýr þegar hún svarar manni sínum, Gunnari á Hlíðarenda, í *Njálssögu*: „Tröll hafi þína vini“ (Brennu-Njáls saga, 1985, I: 164).

4.3 Tröll þjóðsagnanna

Í stuttum inngangi sínum að kafla með tröllasögum segir Jón Árnason að heitin tröll og tröllkona sem birtast í seinni tíma þjóðsögum nái yfir allar verur sem eru meiri en menn að einhverju, og að mestu illviljaðar. Hann segir að heitin séu eiginlega notuð um þá vætti sem „hið risalega er einkennilegast við.“ Jón telur um leið upp önnur nöfn sem eru notuð um sömu tegund, svo sem bergbúa, jötna, þussa, risa, skessur, flögð og gýgjur (Jón Árnason, 1954-1961, I: 136). Hann bendir á að nokkuð er um það í sögunum að tvö eða fleiri heiti séu notuð um sömu vættina, þannig að það virðist til dæmis vera ljós að skessa

⁶ Bragi Boddason hinn gamli er af einhverjum talinn fyrsta dróttkvæðaskáldið og álitinn hafa verið uppi í Skandinavíu á níundu öld (Gísli Sigurðsson, 2013: 30).

⁷ Ekki er ljóst um rétta merkingu hugtaksins „himinhjól“ en þó má ráða af samhengi í þeim dæmum um orðið sem finna má í orðaleit á Netinu að átt sé við sólina eða geisla sólar. Ef stuðst er við þá hugmynd, er um að ræða veru sem veldur myrkri.

sé samheiti tröllkonu og að jötunn sé samheiti tröllkarls í þjóðsögunum. Greinilegt er að tröll var orðið mjög víðfeðmt samheiti yfir margskyns vætti.

Einn síðari tíma eiginleiki meðal trölla er þó afar þýðingarmikill fyrir þessa ritgerð. Hann er sá að sum þeirra birtast aðeins að næturlagi; þau tilheyra nóttinni og nóttin þeim. Ólíkt jötnum í heiðni þola þessi tröll ekki dagsbirtu. Besta birtingarmynd þessara vera er að finna í þjóðsagnaminninu þar sem tröll breytast í stein við það að dagsbirta fellur á þau. Sú hugmynd er mjög gömul og alþjóðleg, og er sögnin um Medúsu elsta dæmið þar um. Í Skandinavíu birtist minnið í sambandi við dverga í *Alvíssmálum* og það hélst áfram í þjóðsögum á Íslandi á 19. öld.⁸

Í mörgum sögnum, bæði íslenskum og erlendum, steinrenna tröll og deyja. Þau tröll sem steinrenna sameinast jörðinni eftir dauða sinn, en á annan hátt en menn og dýr. Í næstu tveimur köflum er meðal annars skoðað hvort og á hvern hátt mismunandi myndir trölla og eiginleika þeirra birtast lesendum í þjóðsögum þeirra landa sem borin eru saman.

5 Landmótun trölla í sögnum nágrannaþjóða

Eins og getið var um í 3. kafla hér á undan, verða norskar, skoskar og írskar sagnir um landmótun trölla teknar hér til skoðunar og þær bornar saman innbyrðis, til þess að athuga hvort þær eiga sameiginleg einkenni. Í kaflanum þar á eftir verða þær bornar saman við íslenskar sagnir, til þess að sjá hvort íslenskar hefðir (í landi eldvirkinnar) hafa sérkenni að hvað þetta varðar. Sérstaklega er forvitnilegt að grennslast fyrir um mögulega samsvörun milli norskra sagna og íslenskra í þessu sambandi, því bæði er skyldleiki þjóðanna ótvíræður og því hefur verið haldið fram, meðal annars af John Lindow, að í grunninn sé einsleitni í sagnahefð á öllum Norðurlöndunum (Lindow, 1978: 26). Spurningin er þannig hvort þessi einsleitni segi einnig til sín í sögnum um landmótandi

⁸ Jón Árnason lagði meira að segja til heitið „nátttröll“ sem sérstakan undirflokk trölla, sem eiga yfirleitt bústað í tilteknum fjöllum, sem síðan eru kennd við þau vegna þess að þau hafa búíð í þeim, liggja grafin í þeim eða hafa orðið að steini. Verði þau að steini, heitir steinninn gjarnan Karl eða Kerling, eftir kyni tröllsins. Hugmyndin um nátttröll finnst Jóni Árnasyni að liggja nærri hugmyndinni um marga fyrstu landnámsmenn Íslands, sem hafi „dáið í fjöllin“ (Jón Árnason, 1954-1961, I: 197). Þess sér m.a. stað í Landnámu, þar sem vísað er til Helgafells í Þórsnesi: „Þat var trúa þeira Þórólfs frænda, at þeir dæi allir í fjallit (Landnámabók, 1986: 125). Frændur Auðar djúpúðgu höfðu svipaða trú á helgi Krosshóla og segir:...trúðu þeir því, at þeir dæi í hólana (Landnámabók, 1986: 140).

tröll (þó svo að í íslenskum sögnum hafi þróast sérkenni); ef svo er, mun það ef til vill gefa til kynna að hefðin sé gömul.

5.1 Norskar sagnir

Norski þjóðfræðingurinn Reidar Th. Christiansen (1886-1971) hefur bent á að norskar sagnir þar sem tröll koma við sögu séu (eins og íslenskar sagnir) oft tengdar einhverjum einkennum í landslagi, svo sem stökum björgum og steinum, bröttum dölum og lækjum, afgerandi formum í hæðum og svo má áfram telja. Í stuttu máli eru landshættir oft útskýrðir á þann hátt að þeir séu mótaðir af athöfnum trölla áður fyrr, þar sem tröll hafa breyst í stein í sumum tilvikum en í öðrum er sagt að tröll hafi kastað steini í því skyni að granda kirkju. Þó að steinninn hæfði ekki kirkjuna er hann enn minnisvarði um gerninginn. Sögur af þessu tagi, sem minna sterklega á íslenskar sagnir (sjá kafla 6), eru mjög vinsælar í norski hefð að sögn Christiansens en hann bætir við að hliðstæður kunni að vera að finna við þær í mörgum öðrum löndum (ekki aðeins á Norðurlöndum). Þessar sögur, eins og svo margar sagnir, eru þannig fyrst og fremst sagðar til útskýringa, og þó að þær séu flökkusagnir (sjá kafla 2.3.1) fá þær oftast afgerandi staðbundin einkenni (Christiansen, 1958: 88).

Sem dæmi um þetta má taka sögnina „Hestmannen“, sem útskýrir sérkenni fjallanna norður í Hálogalandi og felur í sér bæði þau minni sem áður eru nefnd, að tröll kasta bjargi og að þau steinrenna:

Mange av disse underlege fjella nordetter er ikkje anna enn gamle troll som har flakka i kring der oppe og har vorte til stein. Såleis er det me Hestmannen på Helgeland. Eingong var han sørover ei ferd. Han vart då kjend med ei jente av folket sitt som budde på Leka. Leka-møya heitte ho. Hestmannen tykte jenta var både gjæv og vakker, og då han kom heim, fria han til ho. Denne friinga fekk han nei på, og det gjorde han seg mykje vondt av. Han sette seg føre å drepe jenta. Tidleg ein morgon såg han at ho gjekk til heimen sin. Han tok då ein stor stein og skaut etter jenta. Men Torghatten stod i vegen. Steinen gjekk då tvers igjennom Torghatten, så det vart eit stort hol i Han; men med det miste steinen så mykje av dregta si at han ikkje nådde fram. Han datt ned i Bindalen og heiter no Melsteinen. Då Hestmannen såg at skotet ikkje råka, vart han fælt harm. Han ville kje bruka ei slik børse meir, og slengde ho ifrå seg nordetter. Ho datt ned oppimot Hellivær. Der ligg ho no, og folket kallar ho Giværet. Ladteinen fauk meir innerter. Han datt ned i Meløy, og heiter den dag idag Ladteinen. Men då Hestmannen hadde gjort dette verket, rann sola med det same, og både han og Leka-møya vart til gråfjell (Buksnes) (Bø et. al., 1981: 234).

Svipað minni kemur fram í eftirfarandi sögn, „Sankt Olav pa Ringerike“, þar sem sagt er frá ferð Ólafs helga á Ringerike:

Da Sankt Olav drog ikring frá bygd til bygd og kristna landet, prøvde trola á gjera så mykje mein dei kunne. Men når Olav møtte dei, skapte han dei om til stein, og slike steinar som har vori troll før dei gav seg i kast med Sankt Olav, kan ein sjá rundt ikring i landet.

I nordre Krokkleiva, der vegen gjekk i gamle dagar, står ei slik steingyger. Da Sankt Olav fór ned igjennom, sprang ho fram or bergveggen med ei stor traubør på ryggen og skreik: "Sankt Olav med ditt breie skjegg, du rir så nær min kjellarvegg". Sankt Olav såg på henne og svara: "Statt du der i stakk og stein, til eg kjem her tilbake igjen". Og gygra står der den dag i dag er.

Da Sankt Olav kom til garden Stein, ville han byggja ei kyrkje der, for di mor hans hadde budd der. I Gyrihaugen budde da ei gyger, og ho lika ikkje dette. Ho spurde difor kongen om han torde gjera eit vågemål med henne. "Før du er ferdig med kyrkja di, skal eg ha lagt ei bru over Steinsfjorden", sa ho. Det hadde Sankt Olav hug til á próva og svara ja. Men ho var ikkje halvferdig med brua, da ho høyrde klokkene frá Sankt Olavs kyrkje, for da var han alt ferdig med henne. Så vart ho så harm at ho treiv steinane ho hadde bori saman til brubygginga og kasta dei frá Gyrihaugen tvert over fjorden mot kyrkja; men ingen av dei råka. Da vart ho så eitrende sinna, at ho sleit av seg det eine lårbeinet og slengde det etter tårnet. Det er ingen som retteleg veit korleis det gjekk til; somme seier at det tok tårnet med, andre seier at ho sikta for høgt. Men det veit alle at beinet fór ned attom kyrkja i eit myrhol, for der ligg det den dag i dag, og det kjem ein fæl stank av det. Myrholet heiter Gjøgerputten enno (Bø et. al., 1981: 230).

Fyrri hlutinn af þessari frásögn er líka til, nær samhljóða, í annarri sögn þar sem vettvangurinn er bærinn Byrkjo í Lærdal í Sogni. Sögn sem svipar hinsvegar til síðari hluta þessarar heitir „Trollpila“, en í henni leggur gýgurin ör á boga og skýtur að kirkjunni. Örin kemur niður ekki fjarri henni og verður þar að bautasteini (Bø et. al., 1981: 232).⁹

Í norskum sögnum eru tröll þó ekki einungis andsnúin kirkjum. Þau breyta umhverfi einnig með því að byggja. Þekkt mótíf úr norskum (og sænskum) sögnum segir frá því hvernig kirkja var í byggingu, þar sem ekki hafði staðið kirkja áður. Í sögunum kemur ókunnur maður til byggingameistarans sem býðst til að byggja fyrir hann (gjarnan tröll en það getur verið annar vættur). Skilyrði hans er það að hann eignist sólina og mánann að verklaunum nema byggingameistarinn finni út nafn hans. Verkinu lýkur á undraskömmum tíma og byggingameistarinn verður stöðugt órólegri en þegar hann á leið hjá hæð nokkurri, heyrir hann konu þar inni syngja vísu fyrir órólegt barn sitt þar sem hún nefnir nafn föður þess og að hann muni koma heim til þeirra með bæði sólina og mánann.

⁹ Eins og sýnt verður fram á í kafla 6, er auðvelt að finna svipuð minni og koma fram í báðum þessum sögum í íslenskum tröllasögum. Nærtækt er að nefna sögnina um Tröllkonuna í Helgafellssveit þar sem Hvítbjarnarey er hliðstæða við Meløy. Hér ætlaði kerlingin líka að brjóta kirkjuna á Helgafelli með bjargkasti en missti marks (Jón Árnason, 1954-1961, I: 197-198).

Byggingameistararinn er mjög létt og hann heldur á byggingarstað, þar sem sá ókunni er rétt í þann mund að ljúka verkinu, og ávarpar hann með nafni. Við að heyra þetta, hrapar sá ókunni til bana (Christiansen, 1958: 209-210).

Í þessum sögnum er nafn smiðsins breytilegt en eiginleikar hans eru alltaf eins. Niðurstaða sögunnar, dauði smiðsins við verklok, er einnig algengt í sögnunum (Lindow, 2014: 49). Sú er einmitt raunin þar sem áður nefndur Ólafur helgi kemur við sögu í öðrum sögnum af þessum toga, svo sem um byggingu Selgjordskirkju og dómkirkjunnar í Þrándheimi. Þar fær hann aðstoð þursa eða trölla við kirkjubyggingu. Í báðum tilvikum er samkomulagið um verklaun fyrir smiðina það, að takist Ólafi ekki að geta sér til um nafn smiðsins í verklok skuli hann fá sólina að launum og jafnvel tunglið líka og höfuð Ólafs sjálfs. Ólafur helgi kemst á snoðir um nafn óvættarins á síðustu stundu og nefnir það í eyru hans um leið og smiðshöggið er rekið á kirkjubygginguna. Við það hrapar óvætturinn til dauðs ofan af kirkjubakinu (Bø et. al., 1981: 95).¹⁰

Annarskonar gerðir af tröllum birtast í samískum sögnum frá Norður-Noregi um vættinn Stallo þó svo að hugmyndin um steingervingu sé greinilega líka þekkt þar. Sagan „Julestallo“ er dæmi um þetta þó að þar bregði svo við að óvætturinn, sem er af einhvers konar tröllakyni, drepur kristnar manneskjur sem verða við það að steini. Að auki verður hreindýr að steini í þessari sögn. Þó svo að óvætturinn dræpi dýrið ekki drapst það óbeint af völdum hans (Bø et. al., 1981: 160). Hér ummyndast lifandi verur í stein en sögnin er að öðru leyti talsvert frábrugðin því sem er að finna í íslenskum þjóðsagnasöfnum, þó svo að viss samsvörun sé líka fólgin í því að kirkjuferð um jólahátíð myndar umgerð um söguna.¹¹ Frá Noregi liggur næst leiðin til Skotlands og Írlands.

¹⁰ Hér er um að ræða algengt þjóðsagnaminni (ATU 500 The Name of the Helper), sem kemur t.a.m. fyrir í kunnum þýskum sögnum svo sem Rumpelstiltskin (Zipes, 2014: 181-182. Í íslenskri sögn sem flokkast undir þetta minni og svipar mjög að allri gerð til þessara, „Kirkjusmiðurinn á Reyni“, er óvætturinn þó ekki tröll heldur dularfullur maður. Bóni ræður hann til kirkjusmiðinnar út úr neyð. Í þessu tilviki skulu verklaunin vera sonur bónda á sjötta ári nema bóndi geti sagt manningnum nafn hans áður en smiðinni verði lokið í lok sögunnar en ókunni maður hrapar ekki til dauðs, heldur hverfur og sést ekki frammar (Jón Árnason, 1954-1961, I: 57-58). Minnið að tröll taki að sér verk sem virðast óvinnandi vegna mikils umfangs og þröngra tímamarka gegn því að verkbeiðandinn nafngreini sig er líka þekkt í íslenskum sögnum. Ef til vill er sagan „Gilitrutt“ sú kunnasta af slíkum sögnum en skessan í þeirri sögn tekur að sér ullarvinnslu fyrir duglausa og dáðlausa bóndakonu (Jón Árnason, 1954-1961, I: 172-173).

¹¹ Það er þekkt minni í íslenskum þjóðsögum að menn sem fengnir voru til að gæta bæja meðan annað heimilisfólk fór til messu á jólanótt, fundust dauðir þegar að var komið eða galnir. Þar áttu álfar jafnan sök og má nefna sem dæmi sögnina um Hildi álfadrottningu (Jón Árnason, 1954-1961, I: 105-109).

5.2 Breskar sagnir

Hér mun látið duga að skoða skoskar og írskar sagnir um tröll til samanburðar við norskar og íslenskar. Minni líkur má telja á að við finnum sameiginleg einkenni þeirra síðarnefndu með enskum og velskum sögnum af landfræðilegum og menningarlegum ástæðum. Ljóst er samt að skýr tengsl við norskar sagnir finnast í Orkneyjum og á Hjaltlandi.

5.2.1 Skotland

Skosk sagnahefð er tvískipt að sögn enska þjóðfræðingsins Neil Philip; annarsvegar er hún gelísk og hinsvegar skosk. Hin gelíska hálandahefð hefur mörg sameiginleg einkenni með hinni írsku, þó svo að áherslan sé meiri á sagnfræðilegar frásagnir og ættarsögur í Skotlandi (e. *clan traditions*). Skoska láglandahefðin er aftur á móti nær hinni ensku þó að hún beri stundum einnig keim af hinni gelísku (Philip, 1995: XVII – XVIII).

Ekki verður séð af skoðun skoskra þjóðsagnasafna að tröllasögur séu þar ýkja áberandi. Þær fáu sem höfundur komst á snoðir um við könnun þriggja þjóðsagnasafna snerta hvergi á landmótun trölla, fyrir utan orkneyskar og hjaltlenskar sagnir, sem virðast hafa sérstöðu að þessu leyti meðal skoskra sagna (sjá undirkafla 5.2.1.1 hér á eftir). Að mati þessa höfundar eru skoskar sagnir af tröllum almennt gerólíkar íslenskum og norskum, þær síðarnefndu má líklega telja fornescjulegri og framvindan virðist einfaldari að allri gerð. Fyrir utan sambærilegt minni í „Whuppity Stoorie“ (Philip, 1995: 3-7)¹² (sem tengist þó ekki tröllum, heldur álfum) við norskar og íslenskar sagnir, fann höfundur aðeins eina sögn sem hefur beina samsvörun við norrænar. Það er sögnin „Assipattle and the Mester Stoorworm“, sem getið er um í eftirfarandi kafla og hefur vísun til Orkneyja.

5.2.1.1 Orkneyjar og Hjaltlandseyjar

Þjóðsögur frá Orkneyjum og Hjaltlandseyjum kunna að hafa sérstaka tengingu við norskar og íslenskar þjóðsögur, eftir því sem Gísli Sigurðsson heldur fram, þar sem fólk með sambærilegan bakgrunn hafi búið á þessum stöðum (Gísli Sigurðsson, 2014: 7). Líkt og í

¹² Áður var minnst á minnið um tröll í norskum sögnum og dularfullan mann í íslenskri sem hjálpa við húsbyggingu og vitneskjan um nafn viðkomandi leysir söguhetjuna undan því að greiða verklaun. Grænklaedd álfkona er í hlutverki hjálparans í hinni skosku „Whuppity Stoorie“ þar sem barn sögupersónunnar er verklaunin en barninu er forðað með svipuðum hætti og áður (Philip, 1995: 3-7). Hér er um að ræða algengt minni í þjóðsögum, sem er auðkennt sem ATU500 („The Name of the Supernatural Helper“) í gerðaskrá Arne-Thompson (Uther, 2004: 285-286). Eftirtektarvert er hve ólíkir vættir birtast í sögnum ólíkra þjóða þegar byggt er á þessu minni en hér verður ekki gerð tilraun til þess að útskýra þann breytileika.

norskum og íslenskum sögnum er sagt frá því í orkneyskum sögnum hvernig jötnar (kallaðir „giants“ á frummálinu) á Orkneyjum köstuðu björgum hver að öðrum en auk þess hvernig þeir lögðu björg í sjó til brúarsmíða komu jafnvel fyrir stóru bjargi úti í sjó nærri ströndinni til að sitja á og veiða sér fisk (*Marwick*, 2000: 30-31). Önnur sögn segir frá risanum á Katanesi, sem fór að sækja sér jarðveg og torf í körfu til einhverra nota en missti torf úr henni ofan í sjó þar sem nú er eyjan Graemsey. Svo brast reipi sem risinn notaði til þess halda á körfunni þannig að hún féll í sjóinn með öllu innihaldi og þannig urðu til hæðirnar í eyggi Hoy (*Muir*, 1998: 10).¹³

Hér á undan var minnst á sögnina „Assipattle and the Mester Stoorworm“ (*Jarvie*, 2008: 97-111). Hér er söguviðið aftur Orkneyjar þó svo að sagt sé frá myndun Hjaltlandseyja og Færeyja úr tönnum ógurlegs skrímslis, sem jafnframt myndaði sundið milli Danmerkur annarsvegar og Noregs og Svíþjóðar hinsvegar (Skagerrak). Hér virðist vera allgöð samsvörun við alkunna sögupersónu (Askeladden) úr norskum þjóðsögum, bæði út frá nafni unga mannsins sem er aðalsöguhetjan og líka út frá aðstæðum hans. Líkt og Askeladden á Assipattle bræður sem virðast mun duglegri en hann til allra daglegra verka. Hann leynir þó á sér þegar kemur að baráttu við yfirnáttúrleg öfl (*Asbjørnsen et al.*, 1953: 75-78).

Aðrar sagnir sem snerta tröll á Orkneyjum fjalla um steindranga, sem reistir voru á steinöld, og bera nöfn eins og Yetnasteen¹⁴ (Jötnasteinn), Quoybune (Kvíbunusteinn) og Watch Stone (Varðsteinn). Þessir steinverðir eru einnig með einhver einkenni lífvera því þeir eru sagðir fara gangandi hvert ár á nýársnótt og svala þorsta sínum í nærliggjandi vatnslindum. Ýmist er varasamt fyrir menn að sjá steinana bera sig um eða það er ógerningur (*Muir*, 1998: 25-26). Sögnin „Stones and Giants“ útskýrir svo stóran steinvörð við Holland í Norður-Ronaldsay. Sögnin greinir frá því hvernig gömul jötnakerling (e. *old giant woman*) bar steinhellu neðan úr fjöru og reisti hana upp þar sem hún stendur enn. Um leið er sagt frá svokölluðum „Ring of Brodgar“, sem myndaður er af 60 steinum af

¹³ Nokkra samsvörun við þessa brúarsmíði trölla er að finna í íslensku sögninni „Tröllin á Vestfjörðum“ (*Jón Árnason*, 1954-1961, III: 279-280). Í sömu sögninni segir frá því að tröllkonan, önnur tveggja sögupersónanna, myndar Grímsey á Steingrímsfirði á þann hátt að hún slæmir reku sinni utan í fjall í nágrenninu. Hér er kominn samsvörun við örnefnið sem getur um í orkneysku sögninni um jötuninn á Katanesi. Þetta gefur í skyn hið menningarlega samband sem alltaf hefur verið til milli Orkneyja og Norðurlanda.

¹⁴ Heitið, sem kemur greinilega úr forn-norrænu, sýnir aldur þess og um leið sagnarinnar á bak við það.

hverjum 36 sjást enn. Skammt þar frá er svonefndur „Comet Stone“. Um þessa steina er einnig útskýringarsögn um steinruna sem sýnir menningarleg tengsl við Norðurlönd:

One night a group of giants went to the field at Brodgar for a dance. The fiddler struck up a reel and away they went. They all joined hands and danced in a great circle. Round and round they went, but they were enjoying themselves so much that they never thought of how quickly the night was passing. Suddenly the sun rose behind the hill and they were all turned to stone. There they remain to this day. The fiddler can be seen standing in the field next to the dancers, for he is now the Comet Stone (Muir, 1998: 26-27).

Sögnin um risana í Hoy segir svo frá undarlegum steini með holrúmi sem líkist vistarveru. Steinninn, sem þó þykir mjög lítill fyrir risa, ber nafnið „The Dwarfie Stane“ (Dvergasteinninn) og hann mun jötunkarl (e. Giant) hafa mótað fyrir kerlingu sína sem afdrep fyrir þau meðan hún var vanfær (Muir, 1998: 51).

Í þessum síðastnefndu orkneysku sögnum er vissulega ekki að finna mikil sameiginleg einkenni með íslenskum sögnum, sem rætt er um í næsta kafla, önnur en þau að risar skapa umhverfi með því að verða að steini og skessa reisir steinhellu. Beina tengingu við kristni (eins og kemur fram í norskum og íslenskum sögnum) er ekki að finna hér. Steinverðir orkneysku sagnanna eru óvenjulegir einnig að því leyti að þeir verða steinar og lifandi verur á víxl en ekki eru höfundi kunn dæmi úr íslenskum sögnum að sá sem hefur steinrunnið verði aftur lífs. Þá er jötnadans líka framandi ef litið er til íslenskra sagna.

Sögn frá Hjaltlandseyjum, „Da giant and da trows“, segir svo frá baráttu risa (e. *giant*) við tröll (e. *trows*), sem endar með því að risinn hrasar og þar sem hné og fótur koma niður, myndast annarsvegar fjallaskarð og hinsvegar dæld þar sem vatn safnast fyrir. Um er að ræða þekkt kennileiti í dag (Marwick, 2000: 162-163). Í kafla 6.1.2.2 hér aftar er minnst á íslensku sögnina um Skessulág í Skagafirði, en þar er einmitt líka vísað til þess hvernig land formast eftir líkama trölls þó svo að söguefnið sé annars óskilt.

5.2.2 Írland

Bandaríski þjóðfræðingurinn Henry Glassie tók saman úrval írskra þjóðsagna eftir þarlendum sagnamönnum á Norður-Írlandi, og gaf út á bók árið 1985 (Glassie, 1987: XIII-XIV). Sögurnar í bókinni eru hátt á annað hundrað talsins af ýmsu tagi og gera má ráð fyrir að þær gefi nokkuð breiða heildarmynd af lifandi þjóðsagnaarfi Íra. Við lestur þeirra

verður strax ljóst að þær eru um marga hluti ólíkar norrænum sögum. Aðeins 5 af fyrrnefndum fjölda nefna rísa (e. *giant*) en tröllaheiti (e. *troll*) kemur hvergi fyrir.

Sögur af risum í bók *Glassies* hafa ennfremur enga vísun í landmótun, hvorki vegna framtaks risanna eða með því að þeir verði sjálfir að steini. Einkenni þeirra sjálfra eru líka allt önnur. Risinn í sögunni „The Birth of Firth McCumhail“ hefur til dæmis aðeins eitt auga í miðju enninu og það er á stærð eins og sólin á himninum. Hann á sér þar með enga augljósa frændur í íslenskum sögnum eða norrænum þó að svipuðum vætti bregði fyrir í þjóðsögum annarra þjóða, eins og kýklóppinn í grískum goðsögum. Þá getur írskur risi verið marghöfða eins og í sögunni „Jack and Bill“ alveg eins og eins og tröllið þríhöfða í norsku þjóðsögunni „Soria Moria Slott“ (Kinnes, 2007) en öllu lengra nær tengingin ekki við norrænar tröllasagnir. Í hvorugu tilfellinu er nokkur áhrif á landslag að finna.

5.3 Samanburður norrænna sagna og breskra

Af samanburði norrænna þjóðsagna um tröll (e. *giants*) við írskar, virðast einkum tvö megin einkenni greina þær að. Sagnaefnið og frásagnarmátinn er gerólíkur og um leið fer ekkert fyrir eiginlegum tröllum í írskum sögnum þó svo að risum bregði þar fyrir. Þar sem þeir birtast á annað borð eru þeir í öðrum hlutverkum en tröll í íslenskum og norrænum sögnum. Þrátt fyrir minniháttar líkindi, eins og nefnt var hér rétt á undan um marghöfða vætti, vill höfundur jafnvel ganga svo langt að tala hér um gerólíkan sagnaheim milli Írlands og Norðurlandþjóða þegar kemur að tröllum og tengslum þeirra við umhverfið.

Tröll eru ekki heldur áberandi í skoskum sögnum, eins og kom fram í kafla 5.2.1 hér á undan, en þau koma þó fyrir eins og í írskum sögnum. Landmótunar þeirra verður þó ekki vart, hvorki með jarðraski þeirra eða því að þau breytist sjálf í stein. Ein þýðingarmikil undantekning er frá þessu því sú sagnahefð sem varðveist hefur á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum ber að ýmsu leyti sterkan keim af norrænni sagnahefð. Þó að ef til vill séu ekki margar beinar samsvaranir sagna eyjanna við norrænar, er meðal þeirra að finna samskonar útskýringarsagnir um tröll sem valda mótun lands. Sú staðreynd bendir ótvírætt til menningarlegra tengsla við Norðurlönd.

Í neðanmálgreinum við kafla 5.1 var getið um nokkrar hliðstæður milli norskra sagna og íslenskra. Fljótt á litið virðist óhætt að taka undir með John Lindow að einhverju leyti þegar hann talar um einsleitni í sagnahefð á Norðurlöndum því talsverð samsvörun er með sögnum um tröll í þessum löndum, eins og mun koma skýrar fram í kafla 6. Tengsl

trölla við áberandi einkenni í landslagi, svo sem kletta, björg, steina og önnur fyrirbæri, eru einnig algeng hér. Í norskum sögnum geta tröll bæði orðið að steini sjálf (gjarnan þegar þau horfa í dagsskímu) og þau geta einnig kastað björgum eða komið þeim fyrir á annan hátt og skapað þannig varanlegar náttúruvinjar, eins og þekkt er í íslenskum sögnum.

Að því sögðu er rétt að skoða næst ítarlega áður nefndar íslenskar sagnir um tröll og landmótun, hver dreifing þeirra er um landið, hverju þær lýsa og ekki síst að reyna að gera sér grein fyrir því hver aldur þeirra kunni að vera og skoða í því skyni mögulegan skyldleika við sagnir framangreindra þjóða aðeins betur.

6 Landmótun trölla í íslenskum sögnum

6.1 Flokkun íslenskra tröllasagna

6.1.1 Flokkun Jóns Árnasonar

Eins og getið var um í 3. kafla hér á undan, ákvað ritgerðarhöfundur að einskorða sig að mestu við *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* Jóns Árnasonar í leit að sögnum um landmótun trölla, og styðst þannig við útgáfu frá árunum 1954-1961 þar sem tröllasagnir koma fyrir í þremur bindum af sex (I, III og V). Þeim er skipað í 5 flokka af Jóni sjálfum,¹⁵ fyrir utan tvær óflokkaðar sögur sem koma fyrir í 5. bindi. Samkvæmt talningu höfundar er heildarfjöldi sagna af tröllum í safni Jóns Árnasonar 154. Hátt í helmingur þeirra fjallar um meingjörðir trölla, það er að tröll vinna mönnum mein með einhverjum hætti. Fullur fjórðungur sagnanna er um það að tröll sýna mönnum vinsemd en nærri fimmtungur fjallar um svokölluð nátttröll samkvæmt flokkun Jóns. Þó þarf að hafa fyrirvara á þessari flokkun, því stundum er óljóst um forsendur þess að sögur falla í tiltekinn flokk. Þess vegna er gagnlegra fyrir tilgang þessarar rannsóknar að fara í gegnum efni allra tröllasagnanna og flokka þær að nýju til þess að varpa ljósi á það hvernig tröll eru sögð hafa mótað land samkvæmt íslenskum sögnum, sem er annað megin viðfangsefni ritgerðarinnar.

¹⁵ Fimm flokkar tröllasagna í safni Jóns Árnasonar eru þessir: A) Meingjörðir trölla, B) Tröll hefna mótgjörða, C) Tröll sýna vinsemd, D) Nátttröll og E) Grýla, Leppalúði og fjölskylda þeirra. Sagnir sem segja frá landmótun trölla er aðeins að finna í flokkum A, C og D.

6.1.2 Flokkun eftir áhrifum og afdrifum trölla

Ritgerðarhöfundur skráði í eftirfarandi töflu allar tröllasagnir í safni Jóns sem vísa til landmótunar, þar sem hann flokkaði þær sjálfur að nýju eftir því hvort tröll steinrenna, eða hvort getið er um landmótun vegna einhverra aðgerða eða verknaðar tröllanna.

Tafla 1: Sagnir í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar sem greina frá landmótun trölla.

Bindi	Undirflokkur	Saga (bls.)	Vættur	Tröll steinrenna	Önnur landmótun	Átök við kristni
I	A	Kleppa (144-145)	Tröllkona		1	1
I	A	Skessusteinn (147-148)	Tröllkarl (jötunn) og tröllkerling (skessa)	1		1
I	A	Hallgerður á Bláfelli (155-156)	Tröllkona	1		
I	A	Jóra í Jórúkleif (173-175)	Bóndadóttir varð tröll		1	
I	A	Katla eða Kötlugjá (175-176)	Fjölunnug matselja		1	
I	C	Kráka tröllskessa (178-180)	Tröllskessa		1	
I	C	Þjóðbrók (183)	Skessa	1		1
I	D	Nátttröllin hjá Hlíðarenda (197)	Nátttröll	1		
I	D	Likný í Þjórsárdal (197)	Tröllkona	1		
I	D	Tröllkonan í Helgafellssveit (197-198)	Tröllkona		1	1
I	D	Nátttröllið (198-199)	Vættur (nátttröll)	1		
I	D	Karl og kerling (199)	Tröll	1	1	
I	D	Upptök Drangeyjar (199-200)	Nátttröll	1		
I	D	Vestmannaeyjar (200)	Tröll		1	
I	D	Karl og kerling í Hítardal (200)	Karl og kerling	1		
I	D	Þuríður Sundafyllir (200-201)	Nafngreindar persónur	1		
I	D	Hremmuháls (203-204)	Skessa	1		
I	D	Kerlingin í Jökulsárhlíð (204)	Tröllkona	1		
I	D	Nátttröllið í Skessuhala (204-205)	Skessa (nátttröll)	1		
I	D	Kerlingin í Vatnsdalsfjalli (205)	Nátttröll (skessa)	1		1
I	D	Sífa nátttröll (205-206)	Tröllkona	1		1
I	D	Steinninn í hestaréttinni á Stað (206)	Tröll		1	
I	D	Skessulág (206)	Tröllkona		1	
III	A	Kleppa tröllkona (220-221)	Tröllkona		1	1
III	A	Grásteinn (222)	Skessa		1	1
III	A	Tröllin í Þórisási (228-229)	Tröllkall (Þórir)	1		1
III	A	Missagnir um tröllin í Þórisási (229-230)	Skessa (stórvaxin kona)	1		1
III	D	Tröllin á Vestfjörðum (279-280)	Tröll (karl og kerling)	1	1	
III	D	Upptök Drangeyjar (280)	Nátttröll (karl og kerling)	1		
III	D	Tröllkarl með hvalbagga (280)	Nátttröll (tröllkall og skessa)	1		
III	D	Grjótgarðsháls (281)	Tröllskessur		1	

Sagnir alls: 31

Samtals: 20 13 10

Af heildarfjölda tröllasagna í safni Jóns Árnasonar, er lýst einhvers konar landmótun trölla í 31 þeirra, eða réttum fimmtungi. Tafla 1 sýnir flokkun þeirra sagna út frá tilurð bergmyndunar (steinruni eða önnur landmótun) ásamt því að gefa til kynna hverjar sagnanna lýsa átökum við kristni, sem gæti verið gróf vísbending um aldur þeirra eða að minnsta kosti hugmyndir um aldur í hugum sagnamanna. Af töflu 1 má ráða að ekki er nein augljós fylgni þess, að sagnir um tröll greini frá átökum þeirra við kristni, við það hver afdrif tröllanna verða eða hvort þau hafa áhrif á mótun landslags. Á hinn bóginn birtast tveir meginrættir í því hvernig breytingar á landslagi verða af völdum þeirra. Annarsvegar ráðast tröllin í fyrirfram ákveðnar framkvæmdir eins og að kasta steini sem hafa í för með sér stórfelldar umbreytingar, þó svo að tilgangur þeirra sé ekki alltaf ljós (dálkurinn „Önnur landmótun“ í töflunni). Alls á þetta sér stað í 13 sögnum af fyrrnefndum 31 í þjóðsögum Jóns Árnasonar, þar af eiga tröllin í átökum við kristni í 4 sögnum. Hinsvegar er um það að ræða að tröllin verði sjálf að steini, sem er ennþá sýnilegur. Ástæðan er oft sú að þau streða við einhverja framkvæmd sem á hug þeirra allan, gæta ekki að sér og umbreytast við það að sólarljós fellur á þau í dagrenningu eins og hendir dvergana í *Álvissmálum* (sjá kafla 4.3). Stundum verða tröllin þó ekki að steini fyrr en þau horfa í sólarljósið, líkt og í sögninni um kerlinguna í Jökulsárhlíð. Alls verða þetta örlög trölla í 20 af sögnum í safni Jóns Árnasonar og þar af eru átök við kristni í 6 sögnum.

Eins og við höfum séð í kafla 5.1 er kunnugt úr norskum sögnum að bæði minnin komi saman í einni sögu; að tröll hafi áhrif á landslag með gerðum sínum og að þau breytist sjálf í stein. Dæmi um það er úr sögninni „Hestmannen“, sem getið er í kafla 5.1 hér á undan. Aðeins eru dæmi um þetta í 2 sögnum af þeim 31 sem talin eru upp í töflu 6.3. Í annarri þeirra, „Tröllin á Vestfjörðum“, er margra örnefna getið með nákvæmum vísunum í landslag og staðhætti. Reyndar er þarna trúlega komin ein ítarlegasta staðháttalýsing sem finna má í íslenskum þjóðsögum, þar sem jafnvel eru bornar saman berggerðir. Þeim sem staddur væri á söguviðinu með sögnina til lestrar, ætti að vera léttur leikur að sjá söguna fyrir sér vinda fram.

6.1.2.1 Tröll steinrenna

Af þeim 20 sögnum í safni Jóns sem greina frá því að tröll steinrenna, vísa þær oftast í þekkt kennileiti sem eru staðsett í frásögninni. Í 6 sagnanna er sagt frá uppruna steina sem eru trúlega það stórir að mannlegur máttur hefur ekki getað komið þeim þar fyrir

sem þeir standa.¹⁶ Prettán sagnir skýra svo tilurð kletta, steindranga og eyja (sem sögnin um Jóru í Jórubleif er gott dæmi um). Ein sögn, sem greinir frá missögnum um tröllin í Þórisási, útskýrir að auki skarð í kirkjugarðshleðslu. Loks er það sögnin um Þjóðbrók sem vísar ekki til neins tiltekins náttúrufyrirbæris þó hún vísi í að skessan Þjóðbrók dagi að endingu upp í Þjóðbrókargili.

Sagnir um nátttröll sem steinrenna hafa þó fleiri sameiginleg einkenni. Þau lýsa meðal annars oft mjög ógnvænlegri baráttu þeirra við menn. Þær gefa svo ekki aðeins til kynna ógnvænlega líkamlega burði trölla, og andlegan, jafnvel djöfullegan mátt þeirra, heldur líka óvenjumikla hugdirfsku og útsjónarsemi sumra manna sem eru andstæðingar þeirra. Þannig virðast sagnirnar einnig staðfesta hvernig hyggjuvitið og útsjónarsemi manna sé á endanum haldbetra en hinir yfirnáttúrulegu kraftar tröllanna. Gott dæmi er sögnin um kerlinguna í Jökulsárhlíð sem lét blekkjast af manni sem kunni ráð til þess að sigrast á henni með einföldum hrekk:

Í Ketilstaðalandi í Jökulsárhlíð stendur tindur einn eða drangi einstakur á sléttum sandi og eru tveir smádrangar hjá honum. Skammt þaðan er hellir einn. Hann á að liggja í gegnum Hlíðarfjall og koma út við sjó á Kattarvíkurdal. Nú er hann ei nema opið eitt og er hrúnið fyrir hann. Í helli þessum átti að hafa búið tröllkona ein mikil og ill. Hún fór einn morgun fyrir sólarupprás út til sjávar að sækja vatn. En er hún kom heimleiðs aftur mætti hún manni. Sá hét Dagur. Hann spurði hvert hún færi. Hún sagðist hafa sótt vatn út í sjó til að sjóða mann í. Þá sagði Dagur: „Lítu út á hafið.“ Hún gerði svo og sá þá sólina renna upp undan fjallsendanum. Brá henni svo við það að hún varð að dranga þeim er nú heitir Kerling, en skjólurnar eru hinir minni drangarnir (Jón Árnason, 1954-1961, I: 204).

Annað svipað dæmi er sögnin um nátttröllin í Kerlingarhól, sem er reyndar í þjóðsagnasafni Odds Björnssonar. Í henni verður maður undir í slagsmálum við tröll en einföld blekking verður honum til lífs. Sögnin er mjög átakamikil og greinir frá því að tvö nátttröll, karl og kerling, hafi sótt sér mann á jólanótt á hverju ári í Kelduhverfi sem þau höfðu að jólamat. Eina jólanóttina hittu þau ofjarl sinn, bónda af nafngreindum bæ, sem slóst af harðfylgi við tröllkarlinn og hafði sá síðarnefndi betur. Bóndanum tókst þá að gabba hann til þess að líta um öxl eftir að dagur rann. Um leið og tröllið sá dagsskímuna, rak það upp mikið öskur og varð strax að steini. Tröllkerlingin var talsvert undan en heyrði

¹⁶ Dæmi um þetta er í sögninni um tröllkonuna í Helgafellssveit, sem er sögð hafa kastað björgum að hvítabirni í Hvítabjarnarey og að fiskimanni á Hrapseyjarsundi. Auk þess eru henni kenndir þrjú hólar nálægt Nesvogi sem tröllkonan á að hafa kastað og átt að hæfa kirkjuna á Helgafelli (Jón Árnason, 1954-1961, I: 197-198).

öskur bónda síns og leit um öxl, og varð við það að steini. Vísað er til kletta í grennd við Kerlingarhól sem eru útskýrðir með þessari sögu (Oddur Björnsson, 1977: 138).

Eins og fyrr er nefnt, er hliðstæður við steinruna trölla að finna í norskum sögnum, en jafnframt (samanber kafla 5.2.1.1 hér á undan) er þær að finna í sögnum frá skosku eyjunum. Þó að niðurstaðan verði hin sama um afdrif tröllanna, er þó munur á efni sagnanna að öðru leyti, svo sem það að tröllin í orkneysku sögninni „Stones and Giants“ dansa hringdans við undirleik á fiðlu í aðdraganda þess að þau verða að steini. Það er ólíkt flestu því sem höfundur hefur séð í íslenskum sögnum. Sagan er samt ef til vill ekki ólík íslensku sögninni um Dansinn í Hruna að gerð, þó að í henni dansi menn en ekki tröll (Jón Árnason, 1954-1961, II: 11).

6.1.2.2 Önnur landmótun trölla

Þó að sagnirnar sem lýsa annarri landmótun trölla en steinruna þeirra sjálfra séu aðeins 13 í safni Jóns Árnasonar, er samt nokkru meiri fjölbreytni í þeim því aðeins 7 þeirra skýra frá tilurð steina, kletta eða eyja. Það gefur þó auga leið að svo stórar og máttugar verur sem tröll eru færar um að valda ýmsu og áberandi raski, ekki síst ef þeim rennur í skap. Þess vegna eru ummerkin ekki bara klettur sem þau hafa kastað frá sér, heldur líka áberandi grjóthleðslur, skorur og gil. Greint er frá verksemi tröllkonunnar Kleppu í tveimur sögnum (Jón Árnason, 1954-1961, III: 220-222). Annarsveggar brýtur hún steinboga yfir á og hinsveggar skapar hún mýri og gerir sneiðinga í fjallshlíð þar fyrir ofan. Hin fjölkunnuga matselja Katla skapar svo Kötlusand. Kráka tröllskessa grefur svo rás þar sem ný á, Kráká, fær eftirleiðis farveg. Sögnin um Skessulág í Skagafirði er þó forvitnileg í þessu sambandi. Hún er og einstök fyrir þá sök að í henni er sagt frá því hvar far hefur myndast á mel einum við það að tröllkona sofnaði útafliggjandi á honum. Dældin er sögð hafa verið enn sýnileg þegar sagan var sögð og að hún mældist hátt á annað hundrað faðma á lengd, en 100 faðmar samsvara 188 metrum. Þar með er fengin nákvæmasta lýsing á stærð trölla sem frá greinir í sögnum og höfundi er kunnugt um.

Sögnin um Grjótgarðsháls í þriðja bindi þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar er gott dæmi um sagnir af þessu tagi (um annarskonar landmótun trölla), og undirstrikar enn frekar hugmyndir um stærð trölla. Hún greinir frá tveimur tröllskessum sem reisa gríðarmikinn grjótgarð sem landamerki sín á milli. Garðurinn er sagður vera mílulangur og allt að fimm faðma hár þegar sagan var sögð. Björgin í honum eru sögð meira en tveir faðmar ummáls:

Fyrir löngu og löngu síðan, máske áður en Ísland byggðist, lifðu tvær tröllskessur á Austurlandi; þjó önnur þeirra við sjó, en önnur til jökla. Eitt sinn hittust þær. Kom þá upp þráttan á milli þeirra út af landi og vildu báðar eigna sér allt á miðja leið. En nú var að finna miðjuna. Gjörðu þær því með sér að skilnaði að báðar skyldu byrja um sama leyti dags, önnur við sjó, en önnur við jökul, göngu sína og stika stórum og þar sem þær mættust skyldu þær gjöra eitthvört auðkenni. Fundust þær þá á hálsi nokkrum suðaustarlega í Möðrudalslandi og sem síðan nefnist Grjótgarðsháls, og hlóðu þar grjótgarð mikinn sem mikið stendur af enn í dag og er mikið furðuverk ef mannaverk skyldu vera. Garður þessi er um að vera míluvegur og er nú mikið farinn að sandkastast, en þó enn fjögurra til fimm faðma hár og björgin svo stór að þau eru víða tveir og á þriðja faðm ummáls (Jón Árnason, 1954-1961, I: 281).

Önnur sögn í öðru safni er nærri samhljóða og vísar augljóslega til sama fyrirbæris. Í sögninni „Skessugarður“, í Þjóðsagnasafni Ólafs Davíðssonar, er sagt frá grjótgarðshól á Fjöllum nyrðra og að þar sé garður sem heiti Skessugarður. Í honum eru sagðir svo stórir steinar að þótt tugir manna gengju á einn af þeim, gætu þeir ekki hreyft hann. Tvær skessur eiga að hafa rutt garðinum saman til að skipta á milli sín veiði á heiðinni, enda liggi annar endi hans ofan í Grjótgarðsvatn. Frásögnin er sótt í sóknarlýsingu Skinnastaða og Möðrudalssóknar eftir Stefán Þórarinsson frá 1839 (Ólafur Davíðsson, 1978: 189). Athyglivert er að garðurinn er miklu styttri í þessari útgáfu en í safni Jóns Árnasonar og sagður 90 faðmar á lengd en lýsingin á umfangi steinanna eða bjarganna sem mynda hann fellur greinilega vel að því sem segir í sögninni hjá Jóni Árnasyni.

Nútímalýsing á Skessugarði, eins og hann heitir í dag, er ekki fjarri þessari, en Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur, lýsir honum þannig:

Skessugarður er mikill ruðningshryggur gerður úr ferlegu, dílóttu stórgrýti og liggur þvert yfir Grjótgarðsháls frá vestri til austurs, vestan við Grjótgarðsvatn ytra. Garðurinn er um 300 m langur og allt að 7 m hár á kafla að utanverðu, en stórgrýtisdreif af sömu bergtegund er á hálsinum báðum megin við garðinn (Sigurður Steinþórsson, 2016).

Af lýsingum bæði sagnanna og jarðfræðingsins sést að það hefur ekki verið á færi venjulegra manna að reisa vegg af þessu tagi á sinni tíð en ljóst er að sögnin er samt byggð á menningarlegu samhengi. Á landnáms- og þjóðveldisöld urðu snemma til hliðstæður við þennan garð. Svokallaðir „löggarðar“ voru reglulega reistir á landamörkum manna, sem voru miklu minni þó en í sama formi. Árni Einarsson, líffræðingur, hefur skrifað svo um gerð löggarða:

Það er næsta ljóst að garðlögin í Suður-Þingeyjarsýslu samsvara því sem í Grágás eru nefndir löggarðar. Það eru staðlaðir garðar sem girtu af eignarlönd manna. Þeir áttu

að vera hlaðnir þannig að næði meðalmanni í öxl, en við þá hæð hefur bæst dýpt skurðarins sem efnið ver tekið úr beggja megin. Þeir áttu að vera þrjú fet á þykkt að ofan (um 85-90 cm) en fimm að neðan. Ef slíkur garður lá um þjóðbraut þvera varð að vera á honum hlið, faðmur og ein alin til viðbótar að breidd (2,3 m) (Árni Einarsson, 2005).

Árni tekur það fram í grein sinni að mikil vinna hafi verið að reisa garðana og þeir séu mikil mannvirki. Augljóslega hefur mönnum þótt Skessugarði svipa til þeirra sem menn reistu á landnámstíð og það virðist ekki vera ósennileg skýring frá sjónarhóli fornanna að svo tröllaukinn garður sem Skessugarður geti aðeins hafa verið hlaðinn af tröllum. Sú þekking er svo miklu nýrri og um leið jarðbundnari sem Sigurður Steinþórsson miðlar sínum lesendum í áður tilvitnuðum pistli á heimasíðu *Vísindavefsins*, um að Skessugarður: „...markar stöðnunar- eða framrásarstig Brúarjökuls í lok síðasta jökulskeiðs.“ Hugmyndin um aðkomu trölla virðist þannig ekki óeðlileg, fyrst og fremst út frá formi og stærð garðsins, og þeim hugmyndaheimi sem sagnirnar spretta úr.

Mynd 2: Skessugarður og Garðatúngarður




Vinstri hluti hinnar samsettu myndar hér að ofan sýnir jökulruðninginn sem lýst er í sögninni um Grjótgarðsháls. Hægra megin er Garðatúngarður til samanburðar, sem mun vera byggður á landamörkum í kringum árið 1800, að fornri fyrirmynd um garða sem skildu að eignarlönd manna. Ágætis mælikvarðar á hæð garðanna og stærð grjótsins í þeim eru annarsvegar manneskja í rauðri yfirhöfn á annarri myndinni en á hinn má marka hæð garðsins af því að ljósmyndarinn beinir myndavélinni heldur niður á við og sér ofan á garðinn.

Hér blasir við hið sama og vitnað var til í 5. kafla, í umfjöllun um norskar sagnir, að fyrirbæri í íslenskri náttúru eru oft útskýrð með athöfnum trölla og þær útskýringar fá sem flökkusagnir staðbundin einkenni. Líkt og komið var inn á, og haft eftir norska þjóðfræðingnum Christiansen í kafla 5.1, er hliðstæður ekki aðeins að finna á Norðurlöndum. Dæmi um slíkar flökkusagnir er það hvernig jötnar köstuðu björgum hver að öðrum eða létu þau eftir sig með öðrum hætti.

6.2 Hver er dreifing sagnanna?


Tröllasögur af þessu tagi voru greinilega gamlar og vel þekktar á Íslandi, ekki síst ef litið er til *Alvíssmála* og sögunnar af gerð Ásgarðs (sjá kafla 4.3), en forvitnilegt er að skoða dreifingu þeirra um landið. Eru þær útbreiddar (þ.e. þekktar á landsvísu) eða tengdar afmörkuðu svæði eða svæðum? Myndin hér á eftir er af vefsíðunni *Sagnagrunnur.is* og birtir svokallað hitakort. Það sýnir með litakvörðun dreifingu sagna, þar sem blár gefur til kynna færstar sagnir en gulur flestar. Þetta kort er unnið með sjálfkrafa hætti á vefsíðunni út frá leitarorðinu „tröll“, sem gefur 170 niðurstöður og þýðið er þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar í heild. Tvennt er einkum áberandi á myndinni. Annarsvegar er hinn mikli fjöldi sagna á Suðvesturlandi (einkum í Árnes- og Rangárvallasýslum) en sérstaklega þó Mið-Norðurlandi (frá Skagafjarðarsýslu í vestri til Þingeyjarsýslna í austri). Hinsvegar virðist vera nokkur sagnafátækt hvað varðar tröll á öllu austanverðu landinu, raunar allt frá Mið-Suðurlandi, austur um og upp um allt Norðausturland. Skýringin kann auðvitað að vera sú að færri sögur söfnuðust þar.

Mynd 3: Dreifing tröllasagna um Ísland samkvæmt hitakorti af vefsíðunni sagnagrunnur.is



Þessi mikli munur milli landshluta endurspeglast ekki þegar rýnt er í sagnir sem takmarkast við landmótun trölla. Þar er næsta jöfn dreifing og nokkuð á skjön við heildardreifingu tröllasagna. Eins og sést af súluritinu á mynd 4 hér á eftir, tengjast fremur fáar þessara sagna Suðurlandi en þær gerast flestar á Norðurlandi, sem á sér þó einhverja samsvörun í tíðni heildarfjölda allra tröllasagna.

Mynd 4: Dreifing íslenskra tröllasagna samkvæmt vefsíðunni sagnagrunnur.is



Tiltölulega lítill fjöldi sagna um landmótum af völdum trölla gerir það þó að verkum að ekki er hægt að draga miklar ályktar af landfræðilegri dreifingu þeirra. Þó má slá því föstu að þær eru greinilega þekktar frá öllum landshlutum. Óhætt er því að kalla þær „íslenskar“ í þeim skilningi að þær eru ekki svæðisbundna, sem gefur aftur til kynna að þær séu líklega allgamlar.

6.3 Hvað má álykta um aldur sagnanna?

Augljóst er af því sem rætt var í 4. kafla, að trúin á tilvist trölla á sér mjög gamlar rætur í norrænni menningu. Tröllaheitið og eðli trölla nær í það minnsta aftur til kristnitökunnar. Eins og komið var inn á í 5. kafla sýnist af samanburði að rót íslenskra tröllasagna sé að miklu leyti að finna í Noregi, sem staðfestir fyrir sitt leyti að hefðin fyrir þeim sé allforn. Á bak við hana eru áður nefndar sagnir af Ólafi helga en sérstaklega *Alvíssmál* og *Snorra-Edda*, fyrir utan enn eldri fyrirmynd sem er gríska goðsögnin um Medúsu. Ekki er þó auðvelt að tímasetja áður nefndar íslenskar sagnir um tröll og landmótum. Samt má telja lýsingu sagna á átökum við kristni og kirkju vera vísbendingu um aldur þeirra eða ef til vill einhverrar fyrstu gerðar þeirra. Eitt skýrasta dæmið um þessi átök ólíkra siða er að finna í sögnunum um Kleppu tröllkonu. Sagan gerist við bæinn Kleppu í Staðardal en þar var hún sjálf sögð hafa verið búsett. Kleppa er sögð heiðin og hafa amast við „hinum nýja sið“, sem setur ytri tíma sagnarinnar í kringum eða ekki löngu eftir árið 1000. Ennfremur er sagt að Kleppa hafi átt hof á Hofsstöðum. Það var þangað sem hún reið og „framdi blótskap“ þegar hún heyrði klukknahljóð berast frá Kirkjutungu, sem leiddi til þess að hún

fór og braut niður steinboga sem kirkjuvegur íbúa á Staðardal lá um yfir Farmannsdalsá (Jón Árnason, 1954-1961, I: 144). Þrátt fyrir þessar vísanir í tímann sem sagan gerist á, er engu hægt að slá föstu um það hvenær sagan mótaðist og varð til nema auðvitað að hún er ekki eldri en frá því um kristintöku.

Að öðru leyti er ekki hægt að staðsetja tröllasagnir almennt af neinu öryggi á tilteknu tímabili eða öldum Íslandssögunnar. Ef lítið er til þess sem sagt var hér á undan um norskar rætur íslenskra tröllasagna, má þó gera sér í hugarlund að norsk fyrirmynd íslenskrar sagnagerðar hafi látið undan að mestu eftir stofnun Kalmarsambandsins árið 1397, þegar dönsk yfirráð byrjuðu hérlandis sem víðar innan ríkjasambandsins en norsk áhrif dofnuðu (Guðjón Friðriksson et. al., 2013, I: 24-28). Sögur og sagnir hafa hinsvegar lifað ágætis lífi og jafnvel er ekki ólíklegt að raunverulegur átrúnaður á tilvist jötna og trölla hafi varað um margar aldir hvarvetna á Norðurlöndum. Sú virðist í það minnsta vera raunin í Svíþjóð, þar sem eftirfarandi frásögn er skráð af hinum kaþólska presti og erkibiskup í Uppsölum, Olaus Magnus (1490-1557), í sögu hans af hinum norrænu þjóðum, sem kom fyrst út í Róm árið 1555 á latínu.

Det finns folk som tror, att dessa stenstoder fordom varit jättar, och att de blifvit sålunda förvandlade på grund af det hån, som de låtit drabba den katolska trons förkunnare, dett på den helige konungens, martyrens och skyddshelgonets sankt Olafs bön, på det de för evärdleg tider skulle tjäna de i snöfjällen vägfärande såsom tecken och ledning till deras räddning. Äfven går en sägen, som både förtäljes och tros, att dessa stoder varit onda andar, och att de för alltid blifvit förvandlade till denna gestalt, som de iklädt sig för att gäckas med dem som man ville omvända till den kristna tron. Detta skulle skett på den nämnde sankt Olafs böner, för att de ej skulle stå i vägen för hans predikan (Magnus, 1982: 101).

Í stuttu máli, er fullyrt að á ritunartíma bókarinnar fyrirfinnst fólk í Svíþjóð sem trúir því í raun og veru að björg og klappir sem það hafi fyrir sjónum sér, hafi áður verið tröll. Þessi frásögn Olaus Magnus virðist þó vissulega eiga að sýna mátt hins nýja siðar, kristninnar, og mátt bænna helgra manna til guðs síns. Ekki er að sjá að slíkum gerningum sé fyrir að fara í íslenskum tröllasögnum, en þó er dæmi um helgan Íslending álíka máttugan. Í þessari sögn er hann ofjarl tröllanna en hann breytir þeim þó ekki í stein, heldur veitir þeim grið svo þau frá áfram að lifa og vera „vond“ eins og eðli þeirra býður þeim. Þetta var Hólabiskupinn Guðmundur „góði“ Arason (1161-1237), sem er sagður hafa verið í óða önn að vígja Drangey á Skagafirði þegar tröll reyndi að fyrirkoma honum:

En er hann hefur litla stund lesið kemur loppa ein stór bæði grá og loðin með rauðri ermi út úr berginu og heldur á stórri skálm og biturlegri er hún bregður á festina sem biskup var í og tekur hún þegar í sundur tvo þætti festarinnar; en það vildi biskupi til lífs að skálmin beit ekki á þriðja þáttinn því hann var þaulvígður. Í því heyrir biskup rödd úr berginu segja: „Vígðu nú ekki meira Gvendur biskup; einhverstaðar verða vindir að vera.“ Lét biskup þá taka upp festina og sjálfan sig í og sagðist ekki mundi vígja það sem eftir var bergsins...“ (Jón Árnason, 1954-1961, I: 140).

Guðmundur var biskup á Hólum snemma á þrettánda öld og er til mikil saga af honum, skráð á 14. öld og löngu síðar gefin út í 2. bindi Byskupa sagna (Byskupa sögur, 1948: IX). Mögulegt er að sögnin um vígslu Drangeyjar hafi mótast á því tímabili sem Guðmundur gegndi stöðu biskups og þar til um það leyti sem saga hans er færð í letur á 14. öld. Í það minnsta gefa upplýsingar í frásögninni í skyn að hún hafi verið samin á þessum tíma.

Í næsta kafla hér á undan var vikið að því hvernig dreifingu tröllasagna er háttað í Noregi og á Bretlandseyjum. Íslenskar tröllasagnir reynast í samanburði við þær eiga sér augljósar rætur í norskum sagnaarfi og hliðstæður er að finna í gömlum sögnum frá skosku eyjunum, einkum Orkneyjum og Hjaltlandseyjum. Ekki er í fljótu bragði að finna sambærilegar sagnir á meginlandi Skotlands og ekki á Írlandi. Gera verður þann fyrirvara að þjóðsagnir sem hafa varðveist í þarlendum söfnum og skoðuð voru af höfundi, virðast um leið bera það með sér að vera almennt yngri en sögurnar frá eyjunum og yngri en þær sem eru í þeim norrænu söfnum sem hér voru skoðuð.

Áhugavert er að skoða sagnir um tröll og mótun þeirra á landi í nýjustu frumútgáfum íslenskra þjóðsagnasafna, í því skyni að reyna að átta sig á afdrifum trölla í sögunum. Í *Gráskinnu hinni meiri*, þjóðsagnasafni Sigurðar Nordal og Þórbergs Þórðarsonar frá árinu 1962, er aðeins að finna eina sögu út frá leitarorðinu „tröll“ við leit í *Sagnagrunni*. Hún fjallar ekki um landmótun heldur er sögn um mann sem dreymir tröll og draumurinn er túlkaður sem fyrirboði um hríðarveður á þorra 1881. „Gráskinna“ kom út árið 1962. Í *Rauðskinnu*, sem út kom 1971 og Jón Thorarensen ritstýrði, koma upp tvær tröllasögur við orðaleit í *Sagnagrunni*. Í þriðju sögunni er manni líkt við tröll „að vexti og burðum“. Ekkert er þó um steinruna né bjargkast.

Álykta má út frá þessu að tengsl landsmanna við tröll og hugmyndir um tengsl þeirra við landslag virðist almennt vera talsvert rofin þegar komið er fram á 20. öld, hver sem skýringin kann að vera á því. Það má þó láta sér til hugar koma að stórfelldur

flutningur fólks úr sveitum í þéttbýli, raflýsing, aukin upplýsing almennings og aðrir þættir skipti þar máli.¹⁷

7 Niðurstöður

Tröll hafa almennt mjög stórkarlega ímynd í íslenskum og norskum sögnum, svo ekki sé fastar að orði kveðið (Simpson, 1988: 14). Þau eru mjög stórvaxin og hafa ógnarlega krafta. Eins og sögurnar lýsa, þá geta þau varpað björgum um langan veg, grafið göng í berg, dregið og fært til heilu eyjarnar, auk þess að þau steingerast sjálf við tilteknar aðstæður. Tröllin hafa mikla sérstöðu fyrir vikið í þeim sögnum sem Jón Árnason kallar „goðfræðisögur“,¹⁸ því að þau eru nálega einu vættirnir sem hafa haft sýnileg, mótandi áhrif í umhverfinu.¹⁹ Við getum þannig virt fyrir okkur tiltekin náttúrufrýrbrigði í dag og lesið okkur til um það (eða heyrt frá öðrum) hvernig þau voru beinlínis sköpuð af tröllum.

Hér í ritgerðinni hefur verið leitast við að skoða einkum tvennt; það er hvernig tröll hafa mótað landslag í íslenskum sögnum og hvort þessi einkenni séu séríslensk eða hluti af stærri þjóðsagnahefð sem getur sagt okkur eitthvað um menningarlegt samband Íslands og ef til vill líka eitthvað um aldur sagnanna. Um leið er ekki komist hjá því að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því í hvaða samhengi þessar sögur hafa verið sagðar og hvaða tilgangur kunni að hafa verið með því að segja þær. Niðurstöður og ályktanir höfundar um þetta eru hér á eftir.

7.1 Landmótun íslenskra trölla

Ljóst er af því sem kemur fram í kafla 6.1.2 að tröll marka og móta land í íslenskum sögnum með tvennum hætti; annarsvegar með athöfnum sínum og hinsvegar með því að þau verða sjálf að steini. Athafnir trölla sem breyta ásýnd landsins geta verið með því móti að

¹⁷ Samt fer ekki hjá því að tröllin lifi áfram í munnlegri hefð í einhverjum skilningi og kannski tekst þeim að þoka sér aftur yfir í form munnmæla ef taka má mið af grein sem birtist á vef Fréttablaðsins 15. desember 2014 um ábúendur að Kápugili við Berufjörð. Þar kemur fram að bærinn muni vera kenndur við rollu sem hélt til í gilinu á sinni tíð en ábúendurnir hafa hinsvegar skáldað sögu um tröllkonu sem hafi heitið Kápa og orðið að steini þegar sól skein á hana. Vísa þau þar til stórs steindrangs sem er jarðfastur ekki fjarri bæjarhúsinu. Eftir henni hafi gilið og svo bærinn fengið nafn (Gunnþóra Gunnarsdóttir, 2014).

¹⁸ Auk trölla taka goðfræðisögur til álfa, sæbúa og vatnabúa samkvæmt flokkun Jóns (Jón Árnason, 1954-1961, I: 1-210).

¹⁹ Þetta er ekki einhlítt því dvergar eru t.a.m. sagðir hafa flutt stein, sem var heimkynni þeirra, og fundið honum betri stað en áður hinumegin fjarðar (Jón Árnason, 1954-1961, II: 72).

þau kasta stórum steinum, mölva steinmyndanir og gera ýmislegt rask. Sögurnar sem greina frá þessu eru samt fjölbreyttar. Meðal annars brýtur tröllkonan Kleppa steinboga og skessan Kráka mótar farveg þar sem á rennur síðan um. Jafnvel er vísað í einni sögn á áberandi dæld í mel einum þar sem sagan segir að tröllkona hafi lagst og sofnað. Sagnir af þessu tagi eru greinilega fyrst og fremst útskýringasagnir. Þær reyna að útskýra hvernig umhverfið hefur orðið til og mótast. Rakið er í kaflanum hér á undan hvernig sagnaarfurinn gerir meira að segja jökulruðningi skil. Það er vissulega meiri einsleitni í því hvernig tröll verða sjálf að steini, þó svo að sagnir (sem einnig eru aðallega útskýringasagnir) sem um það fjalla séu um helmingi fleiri en hinar þar sem tröll raska landi með framgöngu sinni. Hér er um að ræða að tröll steinrenna ýmist við að dagsljós falli á þau eða að þau horfa í dagskímu. Klettur sem eru steinrunnin tröll eru vissulega ekki í öllum tilvikum þekkt kennileiti, þó að það sé oftast þannig. Sögulokin eru þó yfirleitt svipuð og tröllin ummyndast í háreistar klettamyndanir sem hafa mannleg einkenni. Annað sameiginlegt einkenni margra sagna af nátttröllum er það að þau fela í sér mjög ógnarlega baráttu við menn. Þær sýna vegfarendum hvernig mennirnir hafa haft betur með brjóstvitið að vopni gegn ofurafli tröllanna.

Af þeim fáeinu dæmum sem eru rakin hér, má sjá að á fyrri öldum hefur verið lífleg sagnagerð í tengslum við áberandi einkenni í landslagi hérlendis. Sú tegund sagnagerðar virðist jafnframt hafa átt sér fyrirmynd eða hliðstæður meðal þeirra þjóða sem eru okkur skyldastar.

7.2 Tengsl við sagnir nágrannaþjóða

Heimildirnar sem við eigum sýna að sagnir af tröllum og mótun umhverfis í höndum þeirra líta út fyrir að vera allgamlar, sumar jafnvel eldri en kristnin á Norðurlöndum, og áhrifa norskra sagna virðist gæta í ríkum mæli í þeim íslensku. Í því sambandi má nefna sameiginlega þræði í sögnum um Ólaf helga og íslenskum sögnum (sbr. kafla 5.1). Þannig lítur út fyrir að landnámsmenn á Íslandi hafi borið með sér sagnamenningu sína um tröll og jötna sem hafi varðveist í nýjum heimkynnum þeirra til þessa dags. Það að tröll kasti steinum eða leggi þá til í ákveðnum tilgangi kemur víða fyrir bæði í norskum sögnum og íslenskum. Í sögnum beggja landa eru einnig sagnir um að tröll verða að steini þegar sólarljós fellur á þau eða þegar þau líta sólarupprás, svo sem í sögunni um kerlinguna í Jökulsárhlíð úr safni Jóns Árnasonar sem á sér augljósar hliðstæður úr norskum

þjóðsögum (sjá kafla 5.1 og 6.1.2.1). Rætur þess að persónur sagna steinrenni eru mjög gamlar. Þær er að finna í grískri goðafræði (sögnin um Medúsu) og Alvíssmálum, þaðan sem minnið hefur færst yfir í þjóðsagnaformið (sbr. kafla 4.3). Þetta kemur allt heim og saman við það sem áður var haft eftir John Lindow, að einsleitni væri í sagnahefð Norðurlandþjóða. Um leið má fullyrða að sagnirnar um landmótun trölla bera engin séríslensk einkenni. Jafnframt er það ekki auðséð að eldvirkni og náttúrufarsleg sérstaða á Íslandi skapi nokkra sérstöðu innan norrænnar sagnagerðar.

Þá er augljóst að sömu áhrifa og nefnd eru hér að ofan gætir jafnframt í sögnum íbúa eyjanna úti fyrir norðanverðu Skotlandi, svo sem „Ring of Brodgar“ er til vitnis um (sjá kafla 5.2.1.1). Þó virðast sögur eyjabúanna bera nokkuð annan keim en íslenskar sagnir og norskar. Þegar litið er til skoska meginlandsins og Írlands, þá er ekki að finna neina samsvörun við fyrrnefndar tröllasagnir, í það minnsta í þeim heimildum sem skoðaðar voru í tengslum við þessa rannsókn. Þetta undirstrikar ennþá betur hvaðan sagnahefðin kemur og líklegan aldur hennar.

7.3 Tilgangur eða skýring sagna um landmótun trölla

Óhjákvæmilegt er að velta því fyrir sér hvað búi að baki þeim sögum sem lýsa því hvernig tröll móta landslag. Hvernig verða slíkar sögur til og hvers vegna? Höfundur kemur einkum þrennt í hug hvað það varðar: Þekkingarleit, hagnýt þýðing og skemmtigildi. Hver sem kann að vera meginskýringin á tilurð sagnanna, þá geta allar þessar ástæður átt við, og það jafnvel samtímis. Vissulega má það líka vera að engin þeirra hafi ráðið að öllu leyti um sagnagerðina og reyndar er mögulegt að skýringin sé einhver allt önnur.

Að því leyti sem hér hefur verið litið til bæði heimsmyndar fólks á miðöldum og jarð- og landfræðiþekkingar á sama tíma, er auðvelt að gera sér í hugarlund að menn hafi byggt hugmyndir sínar um sérstæð náttúrufræðileg á því sem þeir töldu sig best vita á þeim tíma. Vísindaleg þekking bauð ekki upp á skilning á tilteknum náttúrufræðilegum til forna en kraftar annars heims náðu inn í mannheima, sem sést meðal annars af sögninni um Skessugarð í kaflanum hér á undan. Ljóst virðist hafa verið að enginn mannlegur máttur hafi getað hrófað honum upp og takmarkaður skilningur manna á jarðfræði á fyrri öldum útilokaði þekkingu á jarðfræðilegum ferlum. Þannig hljóta stærri öfl eins og tröllin að hafa getað rutt upp Skessugarði. Samskonar þekkingarleit liggur á

bakvið útskýringasagnir um ýmsa kletta og björg, sem tengist um leið hugmyndum um átök góðs og ills, og baráttu manna við náttúruöflin.

Það getur verið að þessar sögur hafi þróast úr goðsögum um sköpun jarðar (eins og goðsögurnar um Ými og átök Þórs við Útgarða-Loka) og síðar út í að öðlast hagnýtan tilgang sem var í því fólgin að auðvelða fólki rötun á ferðalögum með því að gefa gaum að sérkennum í umhverfinu. Þessir þættir geta auðvitað hafa mótað þessar sagnir samtímis hvor öðrum, þar sem stórbrotnar, lýsandi sögur sem segja frá þeim náttúruþyrriþættum sem fyrir augun ber, auðvelða fólki um leið að festa þau og landfræðilega afstöðu þeirra í minni. Rötun byggir á því að þekkja kennileiti og auðveldara er að setja þau á minnið ef þau bera eitthvert alþekkt og almennt viðtekið heiti og eiga sögur á bak við sig. Sagan um tröll á Vestfjörðum, sem nefnd er í kaflanum á undan er dæmi um nokkuð nákvæma staðháttalýsingu, sem ætti að vera hjálpleg við rötun og gefur einnig til kynna upplýsingar um að siglingaleiðin á Húnaflóa kunni að vera varhugaverð vegna blindskerja. Sagan er sannarlega ekki viðburðsnauð en hún er samt sem slík ekkert mjög stór í sniðum og lesanda kann að þykja landfræði hennar miklu veigameiri og þýðingarmeiri en sagan sjálf. Annar hagnýtur tilgangur kann að hafa verið að hræða börn til þess að hætta sér ekki of nálægt hættum í umhverfinu, svo sem klettum sem annars væri spennandi að klifra í. Um leið væri komið til ákveðið skemmtigildi eða afþreying, en það var fyrst og fremst fólgið í sagnaflutningnum sjálfum.

Það virðist þó vera sem sögur af tröllum hafi farið þverrandi hérlendis á síðustu einni og hálfri öldinni (eins og kemur fram í kafla 6.3) enda hafa þau ekki sömu þýðingu og áður af ýmsum ástæðum. Flestir kunna betri skil á jarðfræði og náttúrufræði en áður, og enginn þarf lengur liðsinni trölla til þess að rata. Enn virðist þó sem landmótandi tröll geti haft skemmti- eða afþreyingargildi ef litið er til 21. aldar tröllkonunnar Kápu, sem minnst var á neðanmáls í kafla 6.3.

Heimildaskrá

Frumheimildir

- Asbjørnsen, P. Chr., Moe, J. (1953). *Samlede Eventyr* (2. bindi). Oslo: Gyldendal Norsk Forlag.
- Brennu-Njáls saga*. (1985). Í Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.), Íslendingasögur (1. bindi, bls. 124-345). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Bø, O. et al. (ritstj.) (1981). *Norske segner*. Oslo: Det Norske Samlaget.
- Eddukvæði*. (1999). Reykjavík: Mál og menning.
- Glassie, H. (ritstj.) (1987). *Irish Folktales* (2. útgáfa). New York: Pantheon Books.
- Grimm, Jakob og Wilhelm. (1974). *Deutsche Sagen* (B. II). Darmstadt: Parkland Verlag.
- Jarvie, G. (2008). *Scottish Folk and Fairy Tales from Burns to Buchan*. (2. útgáfa). London: Penguin Books.
- Jón Árnason. (1954-1961). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1., 3. og 5. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jón Thorarensen. (1971). *Rauðskinna hin nýrri* (2. bindi) Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Kristni saga*. (2003). Í Jónas Kristjánsson (ritstj.), Íslensk fornrit (Biskupa sögur), (15. bindi). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Landnámabók*. (1986). Í Íslensk fornrit I: Íslendingabók. Landnámabók. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Magnus, O. (1982). *Historia om de Nordiska Folken*. Malmö: Gidlunds förlag.
- Muir, T. (1998). *The Mermaid Bride and other Orkney Folk Tales*. Kirkwall: The Orcadian Limited.
- Oddur Björnsson. (1977). *Þjóðtrú og þjóðsagnir* (2. útgáfa). Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar hf.
- Ólafur Davíðsson. (1978). *Íslenskar þjóðsögur I* (3. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Philip, N. (Ritstj.) (1995). *The Penguin Book of Scottish Folktales*. London: Penguin Books.
- Sigurður Nordal. (1980). *Þjóðsagnabókin I* (2. útgáfa). Íslensk þjóðfræði. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Afleiddar heimildir

- Ármann Jakobsson. (2017). *The Troll inside You: Paranormal Activity in the Medieval North*. New York, Punctum Books.
- Árni Böðvarsson (ritstj.) (1988). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Bahna, V. (2015). Memorates and Memory: A Re-evaluation of Lauri Honko's Theory. *Temenos*, 51.1, 7–23
- Bulfinch, T. (1993). *The Golden Age of Myth and Legend*. Ware: Wordsworth Editions Limited.
- Chandler, D. (2007). *Semiotics: The Basics*. (2. útgáfa). New York: Routledge.
- Christiansen, R. T. (1958). The Migratory Legends: A Proposed List of Types with a Systematic Catalogue of the Norwegian Variants. Í *Folklore Fellows Communications No. 175*. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia.
- Gísli Sigurðsson. (1996). Þjóðsögur: Þjóðfræði og skráning. Í Halldór Guðmundsson (ritstj.), *Íslensk bókmenntasaga III* (bls. 409-494). Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Sigurðsson. (1999). Inngangur. Í *Eddukvæði* (bls. IX-LI). Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Sigurðsson. (2013). *Leiftur á horfinni öld: Hvað er merkilegt við íslenskar fornþjóðmenntir?* Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Sigurðsson. (2014). Inngangur. Í Muir T. *Orkneyskar þjóðsögur* (bls. 6-7) (Jóna Guðbjörg Torfadóttir þýddi). Selfoss: Sæmundur.
- Guðjón Friðriksson, Jón P. Þór. (2013). *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands* (1. bindi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðni Jónsson. (1948). Inngangur. Í *Byskupa sögur* (bls. VII-XVI). Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.
- Gunnell, T. (2010). Daisies Rise to Become Oaks. The Politics of Early Folktale Collection in Northern Europe. *Folklore*, 121, 12-37.
- Gunnell, T. (2015). Sagnagrunnur. En Kartlagt Database over de Islandske Folkesagn. *Saga och sed*, 15-40.
- Hjálmar R. Bárðarson. (1988). *Hvítá frá upptökum til ósa*. Reykjavík: Hjálmar R. Bárðarson.

- Honko, L. (1964). Memorates and the Study of Folk Belief. *Journal of the Folklore Institute*, Vol. 1, 1.2, 5-19.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1989). Þjóðsögur og sagnir. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.). *Íslensk þjóðmenning VI*, (bls. 228-290). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Lindow, J. (1978). *Swedish Legends and Folktales*. Berkeley: University of California Press.
- Lindow, J. (2014). *Trolls: An Unnatural History*. London: Reaktion Books Ltd.
- Lord, A. B. (2000). *The Singer of Tales* (2. útgáfa). Massachusetts: Harvard University Press.
- Lüthi, M. (1982). *The European Folktale. Form and Nature*. Bloomington: Indiana University Press.
- Marwick, E. W. (ritstj.). (2000). *The Folklore of Orkney and Shetland*. (2. útgáfa). Edinborg: Birlinn Limited.
- Muir, T. (2014). *Orkneyskar þjóðsögur* (Jóna Guðbjörg Torfadóttir þýddi). Selfoss: Sæmundur.
- Oring, Elliot. (2008). Legendary and the Rhetoric of Truth. *Journal of American Folklore*, 121, 127-166.
- Ólafur Briem. (1991). *Norræn goðafræði* (2. útgáfa). Reykjavík: Iðunn.
- Ólína Þorvarðardóttir. (1998). Þjóðsögur Jóns Árnasonar? Tilraun til heimildarýni. Í Jón Jónsson et. al. (ritstj.). *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni* (bls. 245-270). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Plummer, C. et al. (1996). *Physical Geology* (2. útgáfa). Dubuque: Wm. C. Brown Publishers.
- Sigurður Nordal, Guðrún P. Helgadóttir, Jón Jóhannesson (Ritstj.). (1953). *Sýnisbók íslenzkra bókmennta til miðrar átjándu aldar*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar h.f.
- Simpson, J. (1988). *Scandinavian Folktales*. London: Penguin Books.
- Tangherlini, T. (1994). *Interpreting Legend. Danish Storytellers and Their Repertoires*. New York: Garland Publishing, Inc.
- Uther, H. J. (2004). The Types of International Folktales: A Classification and Bibliography Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson. Í Apo, S. et. al. (ritstj.), *Folklore Fellows Communications* (133. bindi), (bls. 285-286). Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia.

Zipes, J. (Ritstj.) (2014). *The Original Folk and Fairy Tales of the Brothers Grimm*. Woodstock: Princeton University Press.

Ögmundur Helgason. (1991). Upphaf að söfnun íslenzkra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum. *Árbók Landsbókasafns Íslands* (1989), 112-124.

Óprentaðar heimildir

Gunnell, T. (2017). *Tilgangur þjóðsagnasöfnunar Jóns Árnasonar*. Óprentaður fyrirlestur á málþinginu Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri: Tilurð, samhengi og söfnun. Reykjavík, 14. janúar 2017.

Inga Lára Sigurðardóttir. (2002). *Tröll og tengdalið. Samanburðarrannsókn á jötnum Eddukvæða og Snorra-Eddu og tröllum og tengdum vættum í Fornaldarsögum Norðurlanda og Íslendingasögum og þáttum*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Netheimildir

Árni Einarsson. (2005). *Garðlögin miklu í Suður-Þingeyjarsýslu*. Sótt 22. ágúst 2018 á <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1019822/>

Gunnell, T. (2006). Narratives, Space and Drama: Essential Spatial Aspects Involved in the Performance and Reception of Oral Narrative. *Folklore*, 33 (bls. 7-25). Sótt 22. ágúst 2018 á <http://www.folklore.ee/folklore/vol33/terry.pdf>.

Gunnell, T., Trausti Dagsson. (2014). *Sagnagrunnur. Kortlagður gagnagrunnur yfir íslenskar sagnir*. Sótt 22. ágúst 2018 af <http://sagnagrunnur.com/is/>

Gunnþóra Gunnarsdóttir. (2014). *Það á enginn annar svona hús*. Sótt 22. ágúst 2018 á <http://www.visir.is/g/2014712159920>

Ísmús. (2018). *Jón Thorarensen*. Sótt 22. ágúst 2018 á <https://www.ismus.is/i/person/uid-e8ec3f0d-d8de-4773-a068-bb698cc6274d>

Kinnes, T. (2007). *Asbjørnsen og Moe - Samla verk*. Sótt 11. maí 2018 á <http://oaks.nvg.org/asm047.html>

Sigurður Steinþórsson. (2016). *Er vitað hvernig Skessugarður myndaðist?* Sótt 22. ágúst 2018 á <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=72037>

Skálholtsskóli. (2018). *Skálholt. Saga og menning í 1000 ár*. Sótt 22. ágúst 2018 á http://skalholt.is/frodleikur/biskupar/finnur_jonsson/

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2017). *Ísmús*. Sótt 22. ágúst 2018 af
<http://www.arnastofnun.is/page/thjodfraedisafn>